

Skýrsla

# Tækniskólinn – skóli atvinnulífsins

## Úttekt á starfsemi fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti



Bragi Guðmundsson  
Trausti Þorsteinsson

Gát sf.  
2012

Tækniskólinn – skóli atvinnulífsins  
Úttekt á starfsemi fyrir  
mennta- og menningarmálaráðuneyti

Gát sf.

© Bragi Guðmundsson og Trausti Þorsteinsson, 2012.  
Tækniskólinn – skóli atvinnulífsins. Úttekt.  
Unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti.  
Mynd á forsíðu fengin af vef Tækniskólans.

ISBN 978-9935-436-31-3

## Heildarmat

- Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins, er stærsti framhaldsskóli landsins, rekinn undir merkjum Menntafélagsins ehf.
- Skólameistarar Tækniskólans eru tveir. Annar ber meginábyrgð á fjárreiðum og rekstri en hinn faglegum þáttum skólans sem menntastofnunar.
- Tækniskólinn skiptist í tólf sjálfstæða undirskóla og innan hvers þeirra er val um ólíkar námsbrautir. Yfir hverjum undirskóla Tækniskólans er skólastjóri í fullu starfi. Stjórnskipan hvers undirskóla er þunnskipuð og mikil ábyrgð lögð á herðar skólastjóra.
- Við hlið hvers skólastjóra starfa eitt eða fleiri fagráð, skipuð fulltrúum úr atvinnulífinu. Þeim er ætlað að efla hugmyndaflæði til og frá skólanum, gera hann sem virkastan þátttakanda í umhverfi sínu. Þau eru misjafnlega fjölmenn og misjafnlega starfsöm. Þar sem þau eru virk eru þau til mikils gagns fyrir viðkomandi skóla. Fagráðin hafa ekki fastan sess í innri stjórnskipan skólans.
- Skólastjórar, kennarar og annað starfsfólk upplifir ákveðna fjarlægð á milli sín og yfirstjórnar (skólameistara, rekstrar- og fjármálastjóra, áfangastjóra og námstjóra).
- Kennarar, annað starfsfólk og nemendur eiga ekki áheyrnarfulltrúa í rekstrarráði og hafa ekki tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum þar á framfæri milliliðalaust. Það er ótvíræð brotalöm í stjórnskipan skólans.
- Almenn virðist sameining Fjöltækniskólans og Iðnskólans í Reykjavík hafa tekist vel.
- Tekist hefur að koma fjármálum Tækniskólans í gott horf með miklu aðhaldi í rekstri, sársaukafullum uppsögnum starfsmanna og fjölþættri endurskipulagningu.
- Aðsókn að Tækniskólanum er góð. Nemendafjöldi hefur þó dregist saman um rúm 11% síðustu ár. Heildarfækkun nemenda 2009–2011 er um 8% í dagskóla en tæp 22% í dreifnámi.
- Almanaksárið 2011 stunduðu að meðaltali 1898 nemendur nám á 45 námsbrautum í dagskóla. Fjölmennust var tölvubraut með 229,5 nemendur að meðaltali; í véltækni voru 184 nemendur; á almennum námsbrautum einstakra skóla var samtals 181 nemandi og 106,5 námu fatatækni. Aðrar námsbrautir voru með færri en hundrað nemendur.
- Konum hefur heldur fækkað meðal nemenda. Þær voru um 37% á haustönn 2008 en 33% haustið 2011. Ástæður ójafnrar skiptingar má rekja til þess að nokkrar námsbrautir eru að mestu sóttar af öðru kyninu.
- Tækniskólinn hét við stofnun að þróa nýjar námsleiðir, m.a. að fjölga leiðum til stúdentsprófs og auka viðbótarnám til háskólaeininga. Möguleikar eru af öllum brautum skólans til þess að taka stúdentspróf.
- Skólinn hefur stefnt að ISO vottun fyrir alla undirskóla og rekur gæðakerfi sem tekur til reksturs, þjónustu og kennsluferlisins. Af heildarvottun hefur ekki orðið enn en Véltækniskólinn og Skipstjórnarskólinn hafa báðir þessa vottun.
- Í Rekstrarhandbók Tækniskólans eru skilgreind margvísleg gæðamarkmið sem fléttast beint inn í rekstrar- og viðskiptamarkmið hans, enda er litið á gæðastjórnun sem lið í daglegum rekstri.
- Gæðastaðall skólans er í grunninn fremur hugsaður út frá hefðbundnum rekstrarsjónarmiðum fyrirtækis en menntaviðmiðum aðalnámskrár.

## Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	6
2	Tækniskólinn – skóli atvinnulífsins.....	7
2.1	Gildi og stefna.....	7
2.2	Skólar.....	8
2.3	Nemendur og námsleiðir.....	9
2.4	Skilvirkni, brottfall og raunhæf námsúrræði.....	12
2.5	Meðalaldur við brautskráningu.....	13
2.6	Starfsfólk.....	14
2.7	Mat úttektaraðila.....	15
3	Stjórnun.....	16
3.1	Stjórnskipulag Tækniskólans – skipurit.....	17
3.1.1	Stjórn skólans.....	17
3.1.2	Skólameistarar.....	18
3.1.3	Aðrir æðstu stjórnendur Tækniskólans.....	18
3.1.4	Skólastjórar einstakra skóla.....	19
3.1.5	Aðrir stjórnendur.....	21
3.1.6	Skólaráð.....	21
3.1.7	Starfsmannafundir.....	21
3.1.8	Fagrað.....	21
3.1.9	Nemendaráð.....	22
3.1.10	Foreldraráð.....	22
3.2	Mat úttektaraðila.....	22
4	Rekstur.....	23
4.1	Sameining og einkavæðing.....	23
4.2	Samdráttur og sparnaðaraðgerðir.....	24
4.3	Skipting heildartekna.....	25
4.4	Skóla- og efnisgjöld.....	26
4.5	Framlag atvinnulífsins.....	26
4.6	Mat úttektaraðila.....	27
5	Innra mat.....	28
5.1	Rekstrarhandbók Tækniskólans – ISO9001.....	28
5.2	Gæðamarkmið.....	29
5.3	Innra mat.....	30
5.4	Mat úttektaraðila.....	32
6	Samantekt á niðurstöðum.....	34
6.1	Styrkleikar og veikleikar.....	36
6.2	Aðgerðir.....	37
7	Heimildir.....	38
8	Fylgiskjal.....	40

## Töflur

Tafla 1: Meðalfjöldi nemenda eftir námsformi 2009–2011.....	9
Tafla 2: Nemendafjöldi og námsleiðir í dagskóla Tækniskólans 2009–2011. ....	10
Tafla 3: Skipting nemenda í dreifnámi á skóla. ....	11
Tafla 4: Meðalaldur nemenda Tækniskólans við brautskráningu 2008–2012.....	13
Tafla 5: Starfsmenn við kennslu skipt eftir kynjum.....	14
Tafla 6: Annað starfsfólk en það sem starfar við kennslu skipt eftir kynjum.....	14

## Myndir

Mynd 1: Skipurit Tækniskólans – skóla atvinnulífsins. ....	17
Mynd 2: Skipulag gæðastjórnunarkerfisins í Tækniskólanum. ....	28

# 1 Inngangur

Sá texti sem hér fer á eftir geymir niðurstöður úttektar á starfsemi Tækniskólans – skóla atvinnulífsins í samræmi við fyrirmæli gildandi laga og erindisbréf mennta- og menningarmálaráðuneytisins til úttektaraðila, dagsett 3. febrúar 2012. Við úttektina er jafnframt litið til *Aðalnámskrár framhaldsskóla*, 2004 og 2011, og reglugerða eftir því sem við á.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið fól Braga Guðmundssyni, prófessor við hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri, og Trausta Þorsteinssyni, lektor við sama svið og skóla, að gera úttektina. Markmið með úttektinni er að leggja mat á framkvæmd þjónustusamnings frá 2008. Jafnframt að leggja mat á hvort skólinn hafi náð þeim markmiðum sem sett eru fram í yfirlýsingu mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Menntafélagsins ehf. um eflingu iðn- og starfснаms, dags. 29. febrúar 2008. Í fylgiskjali með erindisbréfi ráðuneytisins er úttektaraðilum falið að horfa sérstaklega til eftirfarandi þátta: Skólans og umhverfis hans, stjórnunar og reksturs og innra mats. Meginkaflaskipan skýrslunnar fylgir í öllum aðalatriðum þessum fyrirmælum ráðuneytisins. Að lokinni grunnupplýsingagjöf innan hvers kafla, þar sem leitast er við að draga upp mynd af viðfangsefninu, kemur mat úttektaraðila og í lokakafla eru heildarniðurstöður settar fram ásamt ábendingum um leiðir til úrbóta þar sem þeirra er þörf. Stutt samantekt er fremst í skýrslunni.

Gagnaöflun fór fram með þrennum hætti: Fyrst var heimasíða skólans könnuð og sóttar hverjar þær upplýsingar sem skýrsluhöfundar töldu að myndu nýtast. Að því búnu var óskað upplýsinga um tiltekin atriði með bréfi til skólastjóra, dagsett 30. mars 2012 (fylgiskjal 1). Við þeim óskum var brugðist fúslega og eins nokkrum bréfum sem send voru síðar með fleiri spurningum. Í þriðja lagi heimsóttu úttektaraðilar skólann í þrjá daga, 6.–8. maí. Markmið heimsóknarinnar var að kynnast skólanum og skólastarfinu með ítarlegum viðtölum við hlutaðeigandi. Í þeim var stuðst við viðtalsramma og voru þau öll hljóðrituð með góðfúslegu leyfi viðmælenda. Þeir voru þessir: Skólameistarar (tveir), áfangastjóri og námstjóri, stjórnarformaður ásamt tveimur stjórnarmönnum, rekstrar- og fjármálastjóri, skólastjórar einstakra skóla (fimm hópar, samtals ellefu einstaklingar), rýnihópar nemenda (fjórir hópar, samtals níttján einstaklingar), rýnihópar kennara (tveir hópar, samtals níttján einstaklingar), náms- og starfsráðgjafar (þrír) og gæðaráð/framkvæmdaráð. Alls var rætt við sextíu einstaklinga, suma tvisvar eða oftár.

Leitað var liðsinnis námstjóra við tilnefningu nemenda og kennara í rýnihópa. Nánari upplýsingar um gögn að baki skýrslunni eru í heimildaskrá. Úttektaraðilar þakka öllum þeim sem þátt tóku í rýnihópum, veittu viðtöl og aðstoð með öðrum hætti við gagnaöflun.

## 2 Tækniskólinn – skóli atvinnulífsins

Tækniskólinn var stofnaður árið 2008 þegar Iðnskólinn í Reykjavík og Fjöltækniskóli Íslands sameinuðust í einn skóla. Skólinn er stærsti framhaldsskóli landsins og byggir á langri og merkri sögu sem tengist atvinnulífi á marga vegu. Fjöltækniskólinn varð til árið 2005 er Vélaskóli Íslands og Stýrimannaskólinn í Reykjavík voru sameinaðir í einn skóla en frá 2003 höfðu þeir verið reknir sameiginlega undir merkjum Menntafélagsins ehf. Upphaf Iðnskólans í Reykjavík og Stýrimannaskólans í Reykjavík má rekja til síðustu áratuga 19. aldar en Vélaskóli Íslands var stofnaður 1915.<sup>1</sup>

Menntafélagið ehf. er í eigu Samtaka iðnaðarins, Landssambands íslenskra útvegsmanna, Samorku, Sambands íslenskra kaupskipaútgæra og Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík. Það er ekki rekið í ágóðaskyni heldur segir í samþykktum þess að hugsanlegur hagnaður af rekstri renni beint í skólareksturinn og arðgreiðslur til eigenda eru ekki heimilar.

Í sameiginlegri yfirlýsingu menntamálaráðuneytis og Menntafélagsins um eflingu iðn- og starfsnáms vegna samnings um kennslu á framhaldsskólastigi, dags. 29. febrúar 2008, segir að samningsaðilar séu sammála um eftirfarandi stefnumið og hlutverk hins nýja skóla:<sup>2</sup>

- Að móta öflugan iðn- og starfsmenntaskóla sem verði leiðandi í þróun, kennslu og þjónustu í iðn- og starfsmenntun og skilar nemendum verðmætri menntun og atvinnulífinu hæfu starfsfólki.
- Að fjölga nemendum í iðn- og starfsnámi og fjölga þeim nemendum sem velja sér iðn- eða starfsnám að loknu námi á almennri námsbraut um 10% á samningstímanum.
- Að auka skilvirkni í iðn- og starfsnámi: að draga úr brottfalli um 20% á þremur árum; nemendur í iðnnámi ljúki námi að meðaltali yngri en nú er; að boðin verði raunhæf úrræði fyrir nemendur með sértæka námsörðugleika.
- Að jafna hlut kynjanna í einstaka námsgreinum.
- Að bjóða nemendum fjölbreytt, áhugavert og gott iðn- og starfsnám og veita þeim fyrirmyndar þjónustu: fjölgað verði valkostum í námi, m.a. með þróun nýrra námsleiða.
- Að gera iðn- og starfsmenntun eftirsóknarverða fyrir ungt fólk og skipa henni veglegan sess í samfélaginu.
- Að fjölga möguleikum nemenda í iðn- og starfsmenntun til að leggja stund á nám til stúdentsprófs og viðbótarnám til háskólaeininga.
- Að efla ábyrgð og áhrif atvinnulífsins á þróun iðn- og starfsmenntunar: tekjur aðrar en opinber framlög og nemendagjöld verði 5–10% af heildartekjum skólans eftir þrjú ár.
- Að koma á gæðakerfi innan skólans samkvæmt ISO9001 staðli og vottun þess innan þriggja ára.

Í þessari skýrslu verður meðal annars leitað svara við því hversu vel Tækniskólanum hefur gengið að uppfylla framangreind markmið.

### 2.1 Gildi og stefna

Meginmarkmið Tækniskólans, skóla atvinnulífsins, er að veita nemendum menntun sem samtímis er sniðin að þörfum nemenda og atvinnulífs, auðgar líf einstaklinganna og eflir samfélagið. Það er stefna skólans að vera ávallt í fararbroddi í þróun námsbrauta, kennsluhátta og notkun upplýsingatækni í kennslu.

<sup>1</sup> *Saga Tækniskólans – skóla atvinnulífsins*. [Án árs].

<sup>2</sup> *Yfirlýsing menntamálaráðuneytis og Menntafélagsins ehf. um eflingu iðn- og starfsnáms vegna samnings um kennslu á framhaldsskólastigi*. (2008).



Tækniskólinn setur gildi sín og stefnu fram undir fjórum kjörorðum: menntun, virðing, fagmennska og framsækni.<sup>3</sup> Í stefnu sinni leggur skólinn áherslu á að nemendur læri með því að leysa raunhæf og skapandi verkefni í hverri grein. Áhersla er lögð á samþættingu námsgreina, þverfaglegt samstarf og að sköpun og frumkvæði einkenni nám og kennslu. Þessum markmiðum verði náð með þróun kennsluhátta, hvetjandi námsmati og eftirliti með ástundun nemenda. Um þróun námsbrauta segir í stefnu skólans að námskrár allra brauta verði endurskoðaðar í samræmi við lög um framhaldsskóla frá 2008. Unnið verði áfram að þróun nýrra námsbrauta á framhaldsskóla- og framhaldsstigi (fjórða þrepi) í samræmi við þarfir atvinnulífs. Gert er ráð fyrir að a.m.k. ein ný námsbraut verði þróuð á hverju ári með hagsmunaaðilum og byggt upp samstarf við erlenda háskóla.

Tækniskólinn vill að starfsmenn og nemendur séu ánægðir með vinnuumhverfi sitt og þeim líði vel. Til að fylgjast með því eru viðhafðar reglulegar mælingar á líðan og ánægju og unnið að úrbótum eftir því sem þörf er á. Skólinn leggur áherslu á að nýta vel þá fjármuni sem hann hefur til umráða og að kostnaði sé haldið í lágmarki. Til þess þarf m.a. gott skipulag í mannauðsstjórnun, aðhald og skipulag á innkaupum og nýtingu efnis og góða nýtingu á námshópum. Til viðmiðunar setur skólinn þau markmið að tekjur aðrar en opinber framlög verði allt að 20% af heildartekjum skólans, meðalnýting í námshópum verði allt að 90% á hverju skólaári og hlutfall launakostnaðar af heildartekjum verði ætíð undir 80%.<sup>4</sup>

## 2.2 Skólar

Tækniskólinn skiptist í tólf undirskóla eftir viðfangsefnum sem hér segir:

Byggingatækniskólinn	Margmiðlunarskólinn
Endurmenntunarskólinn	Raftækniskólinn
Fjölmenningsarkólinn	Skipstjórnarskólinn
Flugskóli Íslands	Tæknimenntaskólinn
Hársnyrtiskólinn	Upplýsingatækniskólinn
Hönnunar- og handverksskólinn	Véltækniskólinn

Hver skóli hefur faglegt sjálfstæði og yfir hverjum þeirra er settur skólastjóri. Innan skólanna er hægt að velja ólíkar námsbrautir. Skólinn starfar samkvæmt áfangakerfi og eru í boði um 800 áfangar á hverri önn. Rétt er að taka fram að efni þessarar úttektar tekur ekki til Flugskóla Íslands að fyrirmælum verkkaupa.

Annað sem þarf að taka fram áður en lengra er haldið er að talsvert ósamræmi er í upplýsingum og gögnum frá Tækniskólanum um það hver raunverulegur fjöldi og stjórnskipunarleg staða undirskólanna er. Sem dæmi um þetta má vitna til yngstu heimildarinnar sem notuð er við þessa úttekt, *Ársskýrsla 2011*, sem gengið var frá seint í maí 2012. Í henni eru taldir upp þrettán undirskólar Tækniskólans (Tækniakademían auk þeirra tólf sem hér eru nefndir) en á skipuriti skólans á næstu síðu á eftir eru skólarnir tólf. Þar er Tækniakademían inni á myndinni en Margmiðlunarskólinn ekki.<sup>5</sup>

Til skýringar skal nefnt að Tækniakademían er samheiti yfir fjórða stigs nám, þ.e. það nám sem er tekið að loknu viðurkenndu lokaprófi úr framhaldsskóla, s.s. sveinsprófi eða stúdentsprófi. Þetta veldur ákveðnum ruglingi sem meðal annars birtist í því að skipuritið sem notað er um Tækniskólann í þessari skýrslu (bls. 17) er ekki alveg eins og það sem birtist í ársskýrslu skólans fyrir árið 2011 og var það þó fengið hjá skólanum í heimsókn úttektaraðila í maí 2012.

<sup>3</sup> *Gildi Tækniskólans*. [Án árs].

<sup>4</sup> *Ársskýrsla 2010*. (2011), bls. 8.

<sup>5</sup> *Ársskýrsla 2011*. (2012), bls. 9–10.

Ástæður þessa ruglings í framsetningu felast líklega í því að Margmiðlunarskólinn var skilinn frá Upplýsingatækniskólanum á haustönn 2011 og færður undir Tækniakademíuna sem fjórða stigs nám.<sup>6</sup> Það útskýrir væntanlega hvarf hans úr skipuritinu en ekki það að hann skuli talinn sérstakur skóli í upptalningu undirskóla. Í samtölum úttektaðila við skólastjóra/verkefnisstjóra Margmiðlunarskólans og Upplýsingatækniskólans staðfestist þessi óvissa um raunverulega stöðu Margmiðlunarskólans og skal ekki gerð frekari tilraun til þess að greina hana hér.

### 2.3 Nemendur og námsleiðir

Aðsókn að Tækniskólanum hefur jafnan verið góð. Umsóknir um nám á haustönn 2011 voru samtals 1718, þar af fengu 1193 inngöngu (69%) en 525 var hafnað (31%). Um nám á vorönn 2012 sóttu samtals 831, þar af fengu 698 inngöngu (84%) en 133 var hafnað (16%).<sup>7</sup>

Nám í Tækniskólanum skiptist annars vegar í dagskóla og hins vegar í dreifnám sem er blanda fjarnáms og staðbundinna lota. Hið fyrrnefnda er reglubundið nám og myndar styrkustu stoðir stofnunarinnar. Nemendafjöldi hefur dregist saman um rúm 11% síðustu ár og má einkum rekja það til þess að löngum sóttu talsvert fleiri nám í skólanum en sem nemur fjölda þeirra nemendaígilda er hann fær greitt fyrir frá hinu opinbera. Nemendaígildin við gerð þjónustusamnings 2008 voru 1805 en í kjölfar hrunsins var þeim fækkað og fóru lægst í 1752 árið 2011. Heildarfækkun nemenda 2009–2011 er um 8% í dagskóla en tæp 22% í dreifnámi. Þessar tölur má sjá í töflu 1.<sup>8</sup>

Tafla 1: Meðalfjöldi nemenda eftir námsformi 2009–2011.

	Dagskóli	Hlutfall	Dreifnám	Hlutfall	Samtals
2009	2066	75%	682	25%	2748
2010	1954	78%	548	22%	2502
2011	1898	78%	535	22%	2433

Menntamálaráðuneytið skar niður fjarnám um 50% með bréfi dagsettu 10. júní 2009 og lækkuðu heildarígildi skólans þar af leiðandi. Tækniskólinn hefur þar með ekki getað staðið við fyrirheit sitt frá 29. febrúar 2008 um að fjölga nemendum sem velja sér iðn- og starfsnám að loknu námi á almennri námsbraut um 10% á árabílinu 2008–2012. Það fyrirheit var endurtekið meira en tveimur árum síðar við gerð gildandi skólasamnings sem undirritaður var 22. september 2010.<sup>9</sup> Þó hafði þá þegar dregið verulega úr fjárveitingum til skólans vegna fjármálahrunsins tveimur árum fyrr, halli á rekstri hans var umtalsverður (eins og síðar verður komið að) og umtalsverð fjölgun nemenda á næstu misserum því næsta óraunhæf.

Almanaksárið 2011 stunduðu að meðaltali 1898 nemendur nám á samtals 45 skilgreindum námsbrautum í dagskóla, á þremur brautum til viðbótar var enginn nemandi. Fjölmennta námsbrautin var tölvubraut með 229,5 nemendur að meðaltali, í véltækni voru 184 nemendur, á almennum námsbrautum einstakra skóla var samtals 181 nemandi og 106,5 námu fatatækni. Aðrar námsbrautir voru með færri en hundrað nemendur. Fámennustu námsbrautirnar (færri en tíu nemendur) voru náttúrufræðibraut – véltækni (1), veggfóðrun og dúkalagnir (1), grunnnám málmiðna (4), keramikhönnun (5) og náttúrufræðibraut – raftækni (8,5) (tafla 2).<sup>10</sup>

<sup>6</sup> Ársskýrsla 2011. (2012), bls. 22.

<sup>7</sup> Jón B. Stefánsson. (2012). Bréf til úttektaðila, dagsett 4. maí.

<sup>8</sup> Skýrsla Tækniskólans: fylgiskjal skólasamnings 2012. (2012), bls. 25–26.

<sup>9</sup> Skólasamningur 2010–2012. (2010).

<sup>10</sup> Skýrsla Tækniskólans: fylgiskjal skólasamnings 2012. (2012), bls. 25.

Tafla 2: Nemendafjöldi og námsleiðir í dagskóla Tækniskólans 2009–2011.

Skóli	Braut nemenda	2009 vor	2009 Haust	M 2009	2010 Vor	2010 Haust	M 2010	2011 Vor	2011 Haust	M 2011
Byggingatækniskólinn	Almenn námsbraut					5	5	10	14	12
	Grunnám tréiðna	38	30	34	15	14	14,5	9	22	15,5
	Húsasmíði	115	104	110	103	80	91,5	74	63	68,5
	Húsgagnasmíði	8	20	14	32	34	33	45	55	50
	Málaraiðn	50	38	44	44	30	37	42	31	36,5
	Múriðn	33	28	33,5	26	24	25	22	12	17
	Tækniteiknun	83	82	82,5	66	55	60,5	52	57	54,5
Veggfóðrun og dúkl.	5	4	4,5	6		6		1	1	
<b>Samtals:</b>		<b>339</b>	<b>336</b>	<b>322,5</b>	<b>292</b>	<b>242</b>	<b>267</b>	<b>254</b>	<b>255</b>	<b>254,5</b>
Fjölmenningsarkólinn	Alm. námsbr. nýbúa	97	153	125	127	76	101,5	66	94	90
	Starfsnám	36	45	40,5	37	43	40	37	40	38,5
<b>Samtals:</b>		<b>133</b>	<b>198</b>	<b>155,5</b>	<b>164</b>	<b>119</b>	<b>141,5</b>	<b>123</b>	<b>134</b>	<b>128,5</b>
Hársnyrtiskólinn	Almenn námsbraut					10	10	12	29	20,5
	Hársnyrtideild	114	137	125,5	125	128	126,5	115	103	109
<b>Samtals:</b>		<b>114</b>	<b>137</b>	<b>125,5</b>	<b>125</b>	<b>138</b>	<b>131,5</b>	<b>127</b>	<b>132</b>	<b>129,5</b>
Hönnunar- og handverksskólinn	Almenn námsbraut					9	9	9	24	16,5
	Fataiðn	53	28	40,5	33	28	33,5	30	22	26
	Fatateknir	53	83	68	90	101	95,5	101	112	106,5
	Gull- og silfursmíði	22	25	23,5	27	26	26,5	22	20	21
	Keramikhönnun	9	10	9,5	6	6	6	3	7	5
	Kjörsvið textíl					12	12	34		34
	Listnámsbraut	151	126	138,5	124	80	102	75	87	81
	Listnámsbraut hraðferð	20	56	338	47	39	43	36	44	40
	Mótun	17	26	21,5	25	49	37	31	26	28,5
	Stúdentspróf					1	1	1		1
<b>Samtals:</b>		<b>325</b>	<b>354</b>	<b>339,5</b>	<b>358</b>	<b>351</b>	<b>354,5</b>	<b>342</b>	<b>342</b>	<b>342</b>
Raftækniskólinn	Almenn námsbraut					3	3	3	10	6,5
	Grunnám rafíðna	115	128	121,5	102	103	102,5	81	112	96,5
	Grunnám raf. hraðf.	26	17	21,5	12	16	14	2	15	8,5
	Rafeindavirkjun	30	37	33,5	45	51	48	59	53	56
	Rafvélavirkjun				1		1			
	Rafvirkjun	37	43	40	54	51	52,5	51	37	44
<b>Samtals:</b>		<b>208</b>	<b>225</b>	<b>216,5</b>	<b>214</b>	<b>224</b>	<b>219</b>	<b>196</b>	<b>227</b>	<b>211,5</b>
Skipstjórnarskólinn	Almenn námsbraut					1	1		1	1
	Skipstjórnarskólinn	62	70	66	67	86	76,5	73	91	85
<b>Samtals:</b>		<b>62</b>	<b>70</b>	<b>66</b>	<b>67</b>	<b>87</b>	<b>77</b>	<b>73</b>	<b>92</b>	<b>85,5</b>
Tæknimenntaskólinn	Almenn braut	86	42	64	26	10	18	8	12	10
	Almenn braut H	20	1	10,5					1	1
	Janus endurhæfing	23	21	22	16	27	21,5	23	28	25,5
	Náttúrufræðibraut	13	17	15	14	9	11,5	11	11	11
	Nátt.br. - raftækni	1		1	2	5	3,5	6	11	8,5
	Nátt.br. - skipstækni	1	1	1	1		1			
	Nátt.br. - véltækni	6	3	4,5	3	3	3	1	1	1
	Nátt.br. - flugtækni	87	64	75,5	56	41	48,5	34	42	38
	Stúdentspróf af list- og starfsbrautum	9	25	17	22	25	23,5	36	23	29,5
	Tækni braut	1	3	2						
<b>Samtals:</b>		<b>247</b>	<b>177</b>	<b>212</b>	<b>140</b>	<b>120</b>	<b>130</b>	<b>119</b>	<b>129</b>	<b>124</b>
Upplýsingatækniskólinn	Almenn námsbraut					10	10	2	42	22
	Ljósmyndun	12	21	16,5	12	12	12	19	13	16
	Prentsmíð	18	31	24,5	37	36	36,5	44	30	37
	Prentun	3	6	4,5	6	2	4			
	Tölvubraut	206	234	220	234	217	225,5	210	243	229,5
	Upplýs.- og fjölm.br.	171	167	169	175	142	158,5	115	133	127
<b>Samtals:</b>		<b>410</b>	<b>459</b>	<b>434,5</b>	<b>464</b>	<b>419</b>	<b>441,5</b>	<b>390</b>	<b>473</b>	<b>431,5</b>
Véltækniskólinn	Almenn námsbraut					1	1	1	2	1,5
	Grunnám málmiðna		14	14	16	10	13	4	4	4
	Véltækniskólinn	170	183	176,5	183	173	178	183	185	184
<b>Samtals:</b>		<b>170</b>	<b>197</b>	<b>183,5</b>	<b>199</b>	<b>184</b>	<b>191,5</b>	<b>188</b>	<b>191</b>	<b>189,5</b>
<b>Tækniskólinn alls:</b>		<b>2008</b>	<b>2123</b>	<b>2066</b>	<b>2023</b>	<b>1884</b>	<b>1954</b>	<b>1818</b>	<b>1975</b>	<b>1898</b>

Í gildandi þjónustusamningi um rekstur Tækniskólans frá 2008 er ákvæði um að skólinn hafi „sérstakar skyldur við að halda uppi kennslu á fámennum námsbrautum sem nú eru í Iðnskólanum í Reykjavík og í skipstjórn sem kennd er við Fjöltækniskóla Íslands.“ Þá segir þar að skólinn fái til þessa sérstakt framlag umfram það sem reiknilíkan framhaldsskólanna

segir til um.<sup>11</sup> Aðspurður um framkvæmd þessa ákvæðis segir skólameistari fámennar námsbrautir hafa verið kenndar við Iðnskólann um langan tíma. Tækniskólinn hafi yfirtekið þetta hlutverk við stofnun hans og fyrir það fái skólinn eina óskilgreinda upphæð. Hann nefnir eftirfarandi greinar sem dæmi um fámennar námsgreinar er ætíð séu kenndar: prentun, á síðasta ári tveir nemendur; skósmíði, einn brautskráðist nú í vor; gullsmíði, geta ekki tekið nema sex á ári; bókband, þrjú luku námi 2011; steinsmíði, einn brautskráðist um jólin 2011, sá fyrsti í tuttugu ár.<sup>12</sup>

Sundurliðun dreifnámsnema liggur ekki fyrir með alveg sambærilegum hætti en skipting þeirra á skóla 2009–2011 var sem sjá má í töflu 3.<sup>13</sup>

Tafla 3: Skipting nemenda í dreifnámi á skóla.

	2009 Vor	2009 Haust	M 2009	2010 Vor	2010 Haust	M 2010	2011 Vor	2011 Haust	M 2011
Byggingatækniskólinn	136	134	135	87	38	63	70	25	48
Raftækniskólinn	67	35	51	20	36	28	33	45	39
Skipstjórnarskólinn	34	76	55	60	73	67	80	112	96
Tækni-menntaskólinn	29	19	24	24	29	27	14	6	10
Upplýsingatækniskólinn	86	59	73	54	30	42	46	41	44
Véltækniskólinn	19	63	41	13	25	19	27	29	28
Tækniakademía - meistaraskóli	359	247	303	279	214	247	192	238	215
Tækniakademía			0	73	40	57	48	64	56
<b>Dreifnám samtals:</b>	<b>730</b>	<b>633</b>	<b>682</b>	<b>610</b>	<b>485</b>	<b>548</b>	<b>510</b>	<b>560</b>	<b>535</b>

Það sem telst til Tækniakademíunnar í neðstu línu töflunnar er fjórða stigs nám að loknu sveinsprófi eða öðru sambærilegu prófi eins og áður hefur verið nefnt.

Tækniskólinn hét því í yfirlýsingu sinni og ráðuneytisins um eflingu iðn- og starfsnáms árið 2008 að þróa nýjar námsleiðir og fjölga þannig námskostum nemenda. Ennfremur að fjölga möguleikum til stúdentsprófs og auka viðbótarnám til háskólaeininga. Að sögn skólameistara hefur þetta gengið eftir að því leyti að námskrár einstakra skóla hafa verið endursamdar í samræmi við framhaldsskólalögin 2008 og verið er að tilraunakenna nokkrar nýjar námskrár sem fela í sér mikla endurhugsun og uppstokkun. Um ræðir námskrár í:

- Fataiðngreinum, þ.e. fatatækni, klæðskurði og kjólasaumi.
- Grunndeild upplýsinga- og fjölmiðlagreina, grafískri miðlun, ljósmyndun, prentun og stafrænni miðlun (ný sérgrein).
- Hársnyrtigreinum.
- Nýbúabraut.
- Rafiðngreinum.

Þá hafa námskrár í kvikmyndagerð, almennum greinum og vegna stúdentsleiða verið sendar til mennta- og menningarmálaráðuneytisins en ekki hlotið afgreiðslu.

Kennsla í flugvirkjun hófst haustið 2011 í samvinnu við Lufthansa og Flugskóla Íslands.

Möguleikar til þess að taka stúdentspróf eru af öllum brautum skólans og á síðustu tveimur árum hafa bæst við nýjar leiðir í náttúrufræði með kjörsvið í flugtækni, véltækni, raftækni og skipstækni. Þegar ný námskrá almennra greina og stúdentsleiða fær samþykki ráðuneytisins mun stúdentsleiðum enn fjölga og þá opnast möguleikar á margvíslegum samsetningum stúdentsprófa sem byggja á verklegum grunni.

Loks segir skólameistari að innan Tækniakademíu skólans sem er hluti Endurmenntunarskólans sé boðið almennt nám í rekstrargreinum í samvinnu við Háskólann í

<sup>11</sup> Þjónustusamningur um rekstur framhaldsskóla. (2008).

<sup>12</sup> Baldur Gíslason. (2012). Bréf til úttektaðila, dagsett 24. maí.

<sup>13</sup> Skýrsla Tækniskólans: fylgiskjal skólasamnings 2012. (2012), bls. 26.

Reykjavík, einnig nýtt nám í lýsingarfræði á fagháskólastigi, Meistaraskólinn sé kominn á fagháskólastig og unnið sé að endurskoðun námskrár hans. Þá segir hann Margmiðlunarskólann alfarið kominn á fagháskólastig.<sup>14</sup> Annað nám undir hatti Tækniakademiunnar er nám í mótun, textíl og teikningu í samvinnu við Myndlistaskólann í Reykjavík.

Sé litið til kynskiptingar hefur konum heldur farið fækkandi meðal nemenda. Þær voru um 37% á haustönnum 2008 og 2009, 36% á haustönn 2010 og 33% haustið 2011. Ástæður þessarar ójöfnu skiptingar má aðallega rekja til þess að í skólanum eru nokkrar námsbrautir að mestu sóttar af öðru kyninu. Fjölmennustu kvennagreinarnar eru fatatækni og hársnyrtið. Mest sóttu karlagreinarnar eru aftur á móti húsasmíði, rafiðnir, skipstjórn, tölvufræði og vélstjórn.<sup>15</sup> Það yfirlýsta markmið frá 29. febrúar 2008 að jafna hlut kynjanna meðal nemenda hefur greinilega mistekist og að sögn skólameistara og skólastjóra eru engin skipulögð áform uppi um að vinna markvisst að því. Rétt er þó að benda á að í almennu kynningarefni skólans er lögð áhersla á að allt nám innan veggja hans henti báðum kynjum.

## 2.4 Skilvirkni, brottfall og raunhæf námsúrræði

Í margnefndri yfirlýsingu frá 2008 var sett fram það markmið að draga úr brottfalli nemenda um 20% á þremur árum og að bjóða raunhæf úrræði fyrir þá sem glíma við sértæka námsörðugleika.

Um brottfallið er það að segja að Tækniskólinn hefur sett sér þau markmið að afföll skráðra eininga fari undir 15% á næstu þremur árum, þ.e. 2012–2014, og að hlutfall staðinna eininga verði yfir 75%.<sup>16</sup> Sé litið til þróunarinnar undanfarin ár má sjá að skólinn nálgast fyrra markmiðið jafnt og þétt og hefur þegar farið vel fram úr því síðara. Þannig voru afföll skráðra eininga 18,64% árið 2008, 16,53% árið 2009, 15,63 árið 2010 en 2011 voru afföllin 15,56%.<sup>17</sup> Lækkun skráðra affalla milli 2008 og 2011 er þannig 3,1 prósentustig eða 16,4%. Markmiðið um 20% lækkun náðist þar með ekki til fulls á því árabili sem hér um ræðir en ef litið er til sjálfsmatsskýrslu skólans 2010–2011 sést að skólaárið 2006–2007 mældust afföll skráðra eininga rúmlega 21%.<sup>18</sup> Það er því ljóst að verulegur árangur hefur náðst á þessu sviði.

Sé litið til hins mælikvarðans um skilvirkni skólans, þ.e. hlutfalls staðinna eininga, sést að lítil breyting verður á þessum sömu árum. Árið 2008 var þetta hlutfall 71,3%, árið eftir var það 73,6%, árið 2010 75,44% en árið 2011 var hlutfallið 73,54%.<sup>19</sup>

Þegar kemur að raunhæfum námsúrræðum fyrir þá sem glíma við sértæka námsörðugleika felast þau að sögn námstjóra í nokkrum þáttum.<sup>20</sup>

- Fyrst eru almenn úrræði, þ.e. vinnustofur í stærðfræði og rafiðngreinum þangað sem nemendur geta sótt aðstoð til kennara.
- Breytingar hafa verið gerðar á grunnáföngum í íslensku svo þeir henti betur þeim sem eiga í lestrarerfiðleikum. Allir sem sitja ÍSL193 og ÍSL102 fá lestrarþjálfun sem miðar að því að auka leshraða og lesskilning. Þá útvegar skólinn hljóðbækur og notuð eru forrit sem geta lesið af tölvuskjá. Einnig má nefna lengdan próftíma og ákveðna hjálp í prófum og við verkefnavinnu sem reynir mikið á lestur og ritun.

<sup>14</sup> Jón B. Stefánsson. (2012). Bréf til úttektaðila, dagsett 4. maí.

<sup>15</sup> Skýrsla Tækniskólans: fylgiskjal skólasamnings 2012. (2012), bls. 23; Upplýsingar frá Hagstofu Íslands.

<sup>16</sup> Skýrsla Tækniskólans: fylgiskjal skólasamnings 2012. (2012), bls. 6.

<sup>17</sup> Sama heimild, bls. 19.

<sup>18</sup> Skýrsla um innra mat Tækniskólans, skóla atvinnulífsins skólaárið 2010–2011. [2011], bls. 6.

<sup>19</sup> Skýrsla Tækniskólans: fylgiskjal skólasamnings 2012, bls. 19. Athuga ber að í skýrslunni er talan 84,44% fyrir árið 2011 en Jón B. Stefánsson leiðrétti hana í bréfi til úttektaðila, dagsett 12. júní, í það horf sem hér er tilgreint.

<sup>20</sup> Guðmundur Páll Ásgeirsson. (2012). Bréf til úttektaðila, dagsett 22. maí.

- Heyrnarlausir fá táknmálstúlkun í öllum bóklegum kennslustundum og hluta af verklegu. Táknmálstúlkur túlkar þá allt talmál í skólastofunni fyrir nemandann.
- Hreyfihamlaðir fá oftast aðstoð í formi einhverra hjálpartækja sem auðvelda námið eða gerðar eru breytingar á húsnæði til að auðvelda umgengni. Hreyfihamlaðir fá stundum „burðarmann“ sem ber tösku á milli skólastofa og aðstoðar við að taka úr henni. Aðgengi er víðast gott í aðalbyggingu skólans á Skólavörðuholti, sama á við um húsnæði gamla Stýrimannaskólans og verið er að leggja lokahönd á lyftu og aðgengi að tölvubyggingu (Vörðuskóla). Lyftan ásamt inngangi fyrir hjólastóla mun nýtast frá og með næsta skólaári.
- Aðrir nemendur með greiningar um fötlun geta átt rétt á einstaklingsbundnum úrræðum, s.s. tæknilausnum, skólavini, o.s.frv.

## 2.5 Meðalaldur við brautskráningu

Eitt markmiðið árið 2008 var að lækka meðalaldur nemenda við námslok þeirra. Upplýsingar um hvernig það hefur gengið má sjá í töflu 4 og er miðað við fæðingarár. Lítið er nægja að setja niðurstöður fram eftir einstökum skólum en ekki einstökum námsleiðum innan þeirra þótt upplýsingar liggi allar fyrir. Ætíð er farið eftir meðalaldri að vori nema árið 2008 því gögn um aldur nemenda það ár eru aðeins til staðar um haustönnina.

Tafla 4: Meðalaldur nemenda Tækniskólans við brautskráningu 2008–2012.<sup>21</sup>

Skóli	Haust 2008	Vor 2009	Vor 2010	Vor 2011	Vor 2012	2008–2012
Byggingatækniskólinn	31,1	30,0	30,8	31,8	31,7	31,1
Fjölmenningsarskólinn		21,5	20,0	20,2	20,3	20,5
Hársnyrtiskólinn	24,0	23,7	23,9	25,6	23,3	23,9
Hönnunar- og handverksskólinn	21,0	28,9	28,1	25,5	26,8	26,4
Raftækniskólinn	25,9	29,9	29,2	33,6	26,4	27,9
Skipstjórnarskólinn		32,4	31,7	33,3	34,4	33,2
Tæknimenntaskólinn	23,9	23,2	26,0	25,7	23,4	24,0
Upplýsingatækniskólinn	23,3	23,4	27,2	26,0	26,3	24,9
Véltækniskólinn	57,0	28,1	25,2	26,5	26,5	27,4
<b>Framantaldir</b>	<b>26,5</b>	<b>28,0</b>	<b>27,9</b>	<b>28,6</b>	<b>27,9</b>	<b>27,4</b>
<b>Tækniakademía og samstarfsaðilar</b>	<b>Haust 2008</b>	<b>Vor 2009</b>	<b>Vor 2010</b>	<b>Vor 2011</b>	<b>Vor 2012</b>	<b>2008–2012</b>
Hönnunar- og handverksskólinn	24,0	41,4	40,3	32,3	30,0	33,3
Margmiðlunarskólinn	24,0	30,5	27,0	26,5	29,0	28,1
Meistaránám	31,8	34,6	34,9	33,3	32,9	33,8
Raftækniskólinn						25,1
Tækniakademían	49,7	35,8	37,5	29,3	43,6	39,1
<b>Framantaldir</b>	<b>35,9</b>	<b>34,7</b>	<b>34,0</b>	<b>31,1</b>	<b>32,1</b>	<b>33,2</b>
<b>Tækniskólinn allur</b>	<b>29,8</b>	<b>30,0</b>	<b>29,7</b>	<b>29,2</b>	<b>29,2</b>	<b>29,3</b>

Af töflunni er ekki að sjá mikla raunverulega lækkun á meðalaldri nemenda Tækniskólans við brautskráningar 2008–2012. Miklu fremur er það fjölbreytileikinn sem vekur athygli. Yngstir eru nemendur Fjölmenningsarskólans, að meðaltali 20,5 ára við brautskráningu þessi ár. Elstir eru nemendur Skipstjórnarskólans, 33,2 ára að meðaltali. Markmiðið um lækkun meðalaldurs nemenda við brautskráningu hefur að litlu leyti gengið eftir.

<sup>21</sup> Jón B. Stefánsson. (2012). Bréf til úttektaaðila, dagsett 1. júní.

## 2.6 Starfsfólk

Við Tækniskólann starfar stór hópur kennara og annarra starfsmanna. Þessir starfsmenn eru allir taldir upp í töflum 5 og 6: fyrst starfsmenn við kennslu, síðan stjórnendur og aðrir starfsmenn.

Tafla 5: Starfsmenn við kennslu skipt eftir kynjum.<sup>22</sup>

	Karlar	Konur	Alls
Iðnmeistarar með kennsluréttindi í fullu starfi	19	19	38
Kennarar með BA/BS gráðu í fullu starfi	45	31	76
Kennarar með MA/MS gráðu í fullu starfi	4	10	14
Kennarar með doktorspróf í fullu starfi	4		4
Leiðbeinendur með ýmsa menntun í fullu starfi	9	2	11
Stundakennarar í allt að 80% starfi	12	4	16
Aðrir stundakennarar í tímabundnum verkefnum			um 10
<b>Samtals</b>	<b>93</b>	<b>66</b>	<b>169</b>

Kennarar í föstum stöðum (67% starf eða meira) eru 136 með kennsluhlutfall að meðaltali 130%. Konur eru 41% kennara og karlar 59%. Allir kennarar eru með fagmenntun í þeim greinum sem þeir kenna.<sup>23</sup>

Aðrir starfsmenn eru alls 55 og skiptast í störf eins og greint er í töflu 6.

Tafla 6: Annað starfsfólk en það sem starfar við kennslu skipt eftir kynjum.<sup>24</sup>

	Karlar	Konur	Alls
Skólameistarar í fullu starfi	2		2
Rekstrar- og fjármálastjóri		1	1
Skólastjóri í fullu starfi	5	5	10
Áfangastjóri í fullu starfi	1		1
Aðstoðarmaður áfangastjóra í fullu starfi		1	1
Námstjóri í fullu starfi	1		1
Námsráðgjafar, allir í fullu starfi	1	2	3
Gæðastjóri í hálfu starfi	1		1
Starfsmenn í bókhaldsdeild, samtals 1,75 stöðugildi		2	2
Skólaskrifstofa, full stöðugildi		2	2
Skrifstofa endurmenntunarskóla, samtals 1,7 stöðugildi		2	2
Tölvudeild, full stöðugildi	4		4
Smiður í fullu starfi	1		1
Málari í fullu starfi	1		1
Vélstjóri í fullu starfi	1		1
Rafeindavirki í fullu starfi	1		1
Yfirbókavörður í fullu starfi		1	1
Aðrir starfsmenn á bókasöfnum, samtals 2,85 stöðugildi	1	3	4
Húsumsjón í fullu starfi	5	1	6
Húsumsjón, hálf starf hvort	2		2
Þroskabjálfar í fullu starfi		4	4
Þroskabjálfi í 80% starfi	1		1
Aðstoðarmenn þroskabjálfa, samtals 2,5 stöðugildi	3		3
<b>Samtals</b>	<b>31</b>	<b>24</b>	<b>55</b>

<sup>22</sup> Baldur Gíslason. (2012). Bréf til úttektaðila, dagsett 23. maí.

<sup>23</sup> Jón B. Stefánsson. (2012). Bréf til úttektaðila, dagsett 3. maí.

<sup>24</sup> Sama heimild.

Auk þeirra sem taldir eru í töflu 6 voru verktakar við kennslu og tengd störf samtals 36 á vorönn 2012.

Á fundi með gæðaráði kom fram að kennurum er sjálfum ætlað að bera ábyrgð á endurmenntun sinni en á hverjum vetri eru haldin námskeið sem varða það er skólinn leggur mesta áherslu á í það sinn. Mikið endurmenntunarferli hefur átt sér stað í kjölfar nýrra laga um framhaldsskóla og þeirrar námskráargerðar sem fylgdi í kjölfarið. Meðal annars voru hópar skólástjóra verið sendir á námskeið í námskrágerð og þeir leiddu síðan vinnuna með kennurum sínum. Að sögn gæðaráðs er litið á þetta allt saman sem mikilvægt skólaþróunaráttak.

Kennarar taka að sumu leyti undir þetta en benda á ýmsar brotalamir. Sú veigamesta er að þeir þurfa að taka sér frí frá kennslu til endurmenntunarinnar ef hún fer fram á skólatíma og þeir þurfa jafnframt að sjá um mönnun í sinn stað. Þeir benda einnig á að skólinn leggi ekkert fé til þessara hluta, vísi aðeins á fagfélögin og starfsmenntunarsjóði.

## 2.7 Mat úttektaraðila

- Gildi og stefna Tækniskólans eru sett fram með skýrum hætti.
- Nokkur óvissa er um stjórnskipunarlega stöðu Margmiðlunarskólans innan Tækniskólans.
- Tækniskólinn heldur uppi kennslu á fámennum námsbrautum í samræmi við gildandi þjónustusamning, s.s. í prentun, skósmíði, gullsmíði, bókbandi og steinsmíði.
- Nokkuð hefur áunnist við að þróa nýjar námsleiðir og fjölga námskostum nemenda. Í nýrri námskrá sem bíður staðfestingar ráðuneytisins eru skilgreindar nýjar námsbrautir og nýjar stúdentsleiðir í framhaldi af sérhverri námsbraut og opnaðir eru möguleikar á margvíslegum samsetningum stúdentsprófa sem byggja á verklegum grunni.
- Námskrár einstakra skóla Tækniskólans hafa verið endursamdar í samræmi við framhaldsskólalögin 2008 og verið er að tilraunakenna nokkrar nýjar námskrár sem fela í sér mikla endurhugsun og uppstokkun.
- Nemendafjöldi í Tækniskólanum hefur dregist saman um rúm 11% síðustu ár og er fækkunin um 8% í dagskóla en tæp 22% í dreifnámi.
- Ekki er að sjá raunverulega lækkun á meðalaldri brautskráðra nemenda Tækniskólans árin 2008–2012.
- Konum hefur heldur fækkað meðal nemenda. Þær voru um 37% á haustönn 2008 en 33% haustið 2011.
- Verulegur árangur hefur náðst í því markmiði skólans að afföll skráðra eininga fari undir 15% á næstu þremur árum, þ.e. 2012–2014, og að hlutfall staðinna eininga verði yfir 75%. Afföll skráðra eininga voru 18,6% árið 2008 en 15,6% árið 2011. Árið 2008 var hlutfall staðinna eininga 71,3% en 84,4% árið 2011.
- Tækniskólinn státar af raunhæfum námsúrræðum fyrir nemendur með sértæka námsörðugleika og er þegar komin nokkur reynsla á þau.
- Stærstur hluti kennaraliðs Tækniskólans er með góða menntun til starfsins.
- Tækniskólinn undirstrikar við kennara að þeir beri ábyrgð á að viðhalda þekkingu sinni og uppfæra. Það er því á þeirra ábyrgð að sækja námskeið og fræðslufundi. Í einstaka tilvikum stendur Tækniskólinn fyrir námskeiðum í tengslum við þróunar- eða breytingastarf innan skólans.
- Engir formlegir ferlar eru innan Tækniskólans um framgang í starfi umfram það sem almennt er kveðið á um í kjarasamningum kennara.



### 3 Stjórnun

Tækniskólanum ber eins og öðrum framhaldsskólum að starfa í samræmi við fyrirmæli laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 með áorðnum breytingum. Þar með heyrir skólinn undir mennta- og menningarmálaráðuneytið og ábyrgð ráðherra í samræmi við ákvæði 3. greinar laganna um almenna stefnumótun, aðalnámskrá, staðfestingu á námskrá og námsbrautarlýsingum, eftirlit með stjórnsýslu og skólastarfi, o.fl.

Um stjórnskipan framhaldsskóla segir í 5. grein laga um framhaldsskóla að við hvern skóla skuli starfa skólanefnd skipuð fimm einstaklingum og síðan eru hlutverk hennar skilgreind í átta liðum. Í sjöttu grein laganna er fjallað um skipan skólameistara og í þeirri sjöundu um skólaráð sem skal vera skólameistara til samráðs og aðstoðar. Í níundu grein er fjallað um skólafundi sem halda skal a.m.k. einu sinni á skólaári og oftast ef þriðjungur fastra starfsmanna fer fram á slíkt. Fundargerð skal skráð og kynnt skólanefnd. Í tíundu grein er fjallað um kennarafundi sem skulu haldnir ekki sjaldnar en tvisvar sinnum á hverju skólaári og fundargerðir þeirra skulu einnig kynntar í skólanefnd. Kennarafundum er m.a. ætlað að kjósa fulltrúa í skólaráð og áheyrnarfulltrúa í skólanefnd.

Í tólftu og þrettánda grein laga um framhaldsskóla er fjallað um viðurkenningu skóla á framhaldsskólastigi sem ekki falla undir annan kafla laganna, þ.e. opinbera framhaldsskóla. Þar segir að margvíslegt rekstrarform sé mögulegt en skilyrði fyrir leyfisveitingu lúta að eftirtöldum þáttum:

- Hlutverki og markmiðum skóla.
- Stjórnskipan skóla og skipulagi hans.
- Skólanámskrá og námsbrautarlýsingum.
- Fyrirkomulagi náms og kennslu.
- Hæfisskilyrðum starfsmanna.
- Inntökuskilyrðum nemenda.
- Réttindum og skyldum nemenda.
- Starfsaðstöðu og aðbúnaði kennara og nemenda og þjónustu við þá.
- Innra gæðakerfi.
- Fjárhagsmálefnum og tryggingum.

Þá segir að í viðurkenningu skóla felist „staðfesting á því að starfsemi viðkomandi skóla uppfylli, á þeim tíma sem viðurkenning er veitt, almenn skilyrði laga þessara og reglna sem settar eru með stoð í þeim. Skóli sem hlotið hefur viðurkenningu hefur sjálfðæmi um starfsemi sína að öðru leyti en því sem kveðið er á um í lögum þessum, reglum eða öðrum stjórnvaldsfyrirmælum sem sett eru á grundvelli laganna.“ Sérstaklega er tekið fram að ákvæði um skóla- og kennarafundi í opinberum skólum gildi einnig um aðra framhaldsskóla en ekkert slíkt er hins vegar sagt um skólanefnd og skólaráð, aðeins sagt að slíkum skóla beri að „leitast við að leysa úr málum er varða réttindi og skyldur nemenda í samræmi við lög og góða stjórnsýsluhætti.“


Í 24. og 25. grein framhaldsskólalaga er fjallað um starfsgreinaráð fyrir starfsgreinaflokka eða starfsgreinar sem ráðherra skipar til fjögurra ára og hlutverk þeirra. Í næstu grein á eftir er sagt að starfsgreinaráð geti skipað fagråd „fyrir hverja starfsgrein eða starfsgreinaflokka sem eru skipuð fulltrúum einstakra starfsgreina og fagkennurum skóla og/eða öðrum sérfræðingum. Fagråd veitir ráðgjöf um nýjungar og þróun starfsgreina á viðkomandi sviði og gerir tillögur um sérstök tilrauna- og þróunarverkefni. Í Tækniskólanum starfa vissulega fagråd en þau eru skipuð af skólanum sjálfum í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins og hafa í reynd enga tengingu við starfsgreinaráðin. Um fagråd Tækniskólans verður fjallað í kafla 3.1.8.

Að þessu sögðu eru upptalin þau ákvæði laga um framhaldsskóla sem koma sérstaklega til álita við mat á því hvort stjórnun Tækniskólans sé í samræmi við lög, reglugerðir og

viðurkennda starfshætti að ógleymdum ákvæðum 50. greinar um foreldraráð sem skylt er að hafa við hvern framhaldsskóla.

### 3.1 Stjórnskipulag Tækniskólans – skipurit

Sem fyrr segir er Tækniskólinn nokkurs konar regnhlífarhugtak sem nær til ellefu eða tólf undirskóla sem hver hefur sinn skólustjóra. Þeim starfseiningum til viðbótar er svokölluð Tækniakademía sem er í reynd fjórða stigs nám að loknu sveins-, stúdents- eða sambærilegu prófi. Skipurit skólans er sýnt á mynd 1.



Mynd 1: Skipurit Tækniskólans – skóla atvinnulífsins.<sup>25</sup>

#### 3.1.1 Stjórn skólans

Æðsta stjórn Tækniskólans er skipuð fimm fulltrúum eigenda hans. Þeim við hlið starfa tveir meðstjórnendur frá jafnmörgum félagasamtökum. Um hlutverk stjórnarinnar er fjallað í samþykktum skólans og þar kemur fram að æðsta vald er í höndum „lögættra hluthafafunda“ Tækniskólans ehf. Síðan segir um hlutverk stjórnar að hún fari með yfirstjórn allra málefna félagsins, henni beri að móta því stefnu og hafa eftirlit með framkvæmd hennar. Þá á stjórnin að stuðla að vexti og viðgangi félagsins og hafa yfirumsjón með rekstrinum. Gæta ber hagsmuna allra hluthafa. Fjárhagsleg ábyrgð stjórnarinnar er skýr, hún samþykkir ársreikninga, rekstrar- og fjárhagsáætlanir og hún tekur ákvarðanir um:

- „Verulegar fjárfestingar eða endurbætur sem ekki eru innifaldar í samþykktum fjárhags- og rekstraráætlun.
- Fjárfestingar- og rekstrarlán og aðra lánasamninga.
- Sölu og veðsetningu fastafjármuna.
- Samninga og meiriháttar viðskipti við þriðja aðila.“<sup>26</sup>

<sup>25</sup> Skipurit. (2012).

Stjórnin ræður sér framkvæmdastjóra (skólameistara), einn eða fleiri, og setur honum/þeim starfsreglur. Framkvæmdastjóri (orðalag tilvitnaðrar samþykktar) fer með daglega stjórn félagsins, rekstur þess og ráðningu starfsfólks. Á grundvelli tillagna hans „ákvæðar stjórnin stjórnskipan, starfsháttu og skipulag, skólaráð og kennarafundi, deildir, námsframboð, námskrá, kennslufræði, gæðastjórnun, inntökuskilyrði, námsmat og útgáfu skírteina skólans, svo og skólagjöld, sjóði og ráðstöfun fjármuna og eigna.“<sup>27</sup> Í viðtölum við stjórnarmenn kom fram áhugi þeirra á innviðum skólans og virkri aðkomu að stefnumótun þótt ljóst sé af framansögðu að frumkvæðið hlýtur í flestum tilvikum að koma innan úr stofnuninni.

Stjórn Tækniskólans hefur í reynd tekið sér hlutverk skólanefndar sem er ekki til staðar með sambærilegum hætti og við opinbera framhaldsskóla. Til að rækja þetta hlutverk sem best heldur hún tvo fundi á hverju skólaári, einn á hvorri önn, sem boðað er til sem skólanefndarfunda. Þar eiga sæti fulltrúar kennara, nemenda auk skólameistara og stjórnarinnar sjálfar.

Í viðtölum við fulltrúa úr stjórn skólans kom það sjónarmið skýrt fram að atvinnulífinu sé mikilvægt að eiga beina aðild að svo stórum og fjölbreyttum framhaldsskóla og það sé eigendum hans mikið og einlægt kappsmál að efla hann og styðja sem mest þeir mega. Málefni skólans séu rædd á fundum og mikil umræða skapist í framhaldi af því um innri málefni hans og menntamál almennt.

### 3.1.2 Skólameistarar

Skólameistarar Tækniskólans eru tveir. Annar þeirra ber meginábyrgð á fjárreiðum og rekstri skólans en hinn faglegum þáttum hans sem menntastofnunar. Starfslýsing beggja er sameiginleg og aðgengileg í Rekstrarhandbók.<sup>28</sup> Þar kemur fram að markmið starfsins er að skipuleggja, stjórna og samræma „rekstur og þjónustu Tækniskólans í samræmi við stefnu stjórnar og lög og reglugerðir sem gilda um rekstur framhaldsskóla.“ Með vísan til fyrri kafla um stjórn skólans sést að skólameisturum er ætlað mikið hlutverk gagnvart eigendum stofnunarinnar og ljóst að þeir gegna leiðandi starfi innan hennar.

### 3.1.3 Aðrir æðstu stjórnendur Tækniskólans

Við hlið skólameistaranna tveggja starfa námstjóri, áfangastjóri og rekstrar- og fjármálastjóri, allir þrír í fullu starfi. Starfslýsingar þeirra eru aðgengilegar í Rekstrarhandbók (STL-033, STL-034, og STL035).

Í starfslýsingu námstjóra segir að hann skuli „skipuleggja, stjórna og hafa faglega umsjón með kennsluþróun, námsráðgjöf, forvörnum og samskiptum við nemendafélög skólans.“ Námstjóri er yfirmaður námsráðgjafa, hann heldur vikulega fundi með þeim og skipuleggur starf þeirra. Námsráðgjafar teljast ekki með stjórnendum heldur stoðþjónustu skólans.

Áfangastjóra er ætlað að: „Skipuleggja, stjórna og hafa faglega umsjón með rekstri áfangakerfis fyrir skólann.“ Rekstrar- og fjármálastjóri skal: „Skipuleggja, stjórna og hafa faglega umsjón með skrifstofuhaldi, starfsmannahaldi og fjármálum skólans.“ Öllum þessum er jafnframt ætlað að fara að íslenskum lögum og reglugerðum og tryggja innlenda sem erlenda samkeppnishæfni eftir því sem við á.

Auk þessara þriggja er gæðastjóri í hálfu starfi og áfangastjóri er með aðstoðarmann í fullu starfi.

---

<sup>26</sup> Samþykktir Tækniskólans ehf. (2011).

<sup>27</sup> Sama heimild.

<sup>28</sup> Framkvæmdastjóri – skólameistari. (2005).

Saman mynda skólameistararnir tveir ásamt námstjóra, áfangastjóra og rekstrar- og fjármálastjóra raunverulega yfirstjórn Tækniskólans. Í *Ársskýrslu 2011* eru þessi þrjú síðastnefndu kölluð aðstoðarstjórnendur.<sup>29</sup> Mikilvægi þeirra sést vel þegar litið er á skipan þeirra fjögurra ráða sem sett eru fram í skipuriti stofnunarinnar.

- Gæðaráð er skipað öðrum skólameistaranna (Jóni B. Stefánssyni), gæðastjóra, námstjóra og tveimur skólastjórum sem valdir eru af skólameisturum. Hlutverk þess er að fylgja eftir gæðastefnu skólans. Það fundar vikulega samkvæmt boðaðri dagskrá og í framhaldinu eru einstök verkefni falin ábyrgð stjórnenda ef við á.<sup>30</sup>
- Rekstrarráð er heiti yfir vikulega stjórnendafundi sem kallast rekstrarráðsfundir. Þessa fundi sitja skólameistarar, áfangastjóri, námstjóri og rekstrar- og fjármálastjóri. Fundir eru boðaðir með dagskrá og haldin fundargerð. Í Rekstrarhandbók segir að fundirnir séu samráðsfundir einstakra rekstrareininga og hafi vald í samræmi við það.<sup>31</sup>
- Námsráð er ekki skilgreint í Rekstrarhandbók en er heiti yfir vikulega fundi námstjóra og námsráðgjafa um málefni nemenda.
- Skólastjóraráð er ekki heldur skilgreint í Rekstrarhandbók en er heiti yfir vikulega fundi skólameistara, skólastjóra, áfangastjóra, námstjóra, rekstrar- og fjármálastjóra um málefni skólans.

### 3.1.4 Skólastjórar einstakra skóla

Yfir hverjum undirskóla Tækniskólans er skólastjóri í fullu starfi. Sumir þeirra hafa verkefnisstjóra sér við hlið til lengri eða skemmri tíma en enginn hefur sérstaka skólaskrifstofu sem hugsar eingöngu um þá einingu. Það sér skólaskrifstofa Tækniskólans í heild um og veitir öllum undirskólunum þjónustu. Starfslýsingar skólastjóra eru skilgreindar í Rekstrarhandbók. Þær eru í meginráttum eins og markmið þeirra allra eru hin sömu.<sup>32</sup> Til þess að draga upp skýra mynd af ábyrgðar- og verksviði skólastjóranna kemur hér yngsta starfslýsingin, starfslýsing skólastjóra Skipstjórnarskólans, dagsett 21. mars 2012 (STL-025).

#### Markmið starfs:

- Að nemendur fái bestu kennslu og þjónustu.
- Að skólinn uppfylli kröfur um góða, hagnýta og framsækna menntun.
- Að skólinn sé fyrstur með nýjungar í kennsluáferðum og búnaði.
- Að stuðla að samkeppnishæfni við það sem best gerist á alþjóðavettvangi.
- Að útskrifa bestu nemendur fyrir atvinnulíf og háskóla.

#### Ábyrgðarsvið:

- Ber ábyrgð á að skólinn sé í forystu hvað varðar kennsluhætti, inntak náms og þróun námsbrauta á sínu sviði.
- Leiðir faglegt samstarf kennara og ber ábyrgð á að faglegt starf sé í samræmi við lög og reglur sem um það gilda.
- Ber ábyrgð á að kennsla og námsmat sé í samræmi við lög og reglur sem um það gilda.
- Ber ábyrgð á innritun nemenda, vali og útskrift og allri upplýsingagjöf sem því tengist.
- Ber ábyrgð á að eftirlit og eftirfylgni sé með mætingum nemenda.
- Ber, í samráði við skólameistara, ábyrgð á starfsmannamálum skólans, starfsmannaráðningum og að kjör og aðbúnaður starfsmanna sé eftir stofnanasamningi.
- Ber ábyrgð á að starfsmenn sækji sér endurmenntun í samræmi við þarfir skólans.
- Ber ábyrgð á að skólanum séu sett námsmarkmið og að þeim sé fylgt eftir.
- Ber ábyrgð á að kennsla og námsefni uppfylli alþjóðakröfur og íslenskra laga og reglugerða.

<sup>29</sup> *Ársskýrsla 2011*. (2012), bls. 10.

<sup>30</sup> Gæðaráð. (2011).

<sup>31</sup> Ábyrgð og valdskipting. (2011).

<sup>32</sup> Starfslýsingar. (2008–2012).

- Ber ábyrgð á fjárhagslegri afkomu skólans í samræmi við fjárhags- og rekstraráætlun.
- Ber ábyrgð á og annast þverfaglegt samstarf við þjónustudeildir skólans og framfylgir þeim ákvörðunum sem teknar eru á þeim vettvangi gagnvart sínum skóla.
- Hefur forgöngu um og tekur þátt í skipulagningu þverfaglegra verkefna innan skólans.
- Ber ábyrgð á samskiptum skólans og fagráða sem undir skólann heyra, og stjórnar fundum fagráða eftir þeim vinnureglum sem um þau verða sett.
- Ber ábyrgð á kynningarmálum skólans í samræmi við stefnu skólans.
- Ber ábyrgð á samskiptum við vinnumarkaðinn í sinni grein.
- Ber ábyrgð á erlendum samskiptaverkefnum skólans.
- Ber ábyrgð á að uppfæra eigin ferilskrá með því að afhenda viðeigandi gögn til starfsmannahalds jafnharðan (Menntun, námskeið o.fl.).
- Ber ábyrgð á að verkefni sem undir hann falla séu unnin samvisskusamlega og innan settra tímamarka þannig að skólinn geti veitt innri og ytri viðskiptavinum sínum sem besta þjónustu.

#### **Helstu verkefni:**

- Stjórna daglegum og faglegum rekstri skólans.
- Taka þátt í gerð markmiðs-, rekstrar- og fjárfestingaráætlunum fyrir skólann og bera ábyrgð á að þeim verði framfylgt gagnvart sínum skóla.
- Samþykjja og undirrita vinnu/efnisreikninga skólans.
- Greina alla þjónustubætti skólans, þróa framboð menntunar og þjónustu og hafa frumkvæði að þróun nýrra þjónustubátta. Gera tillögu að gjaldskrá fyrir veitta þjónustu.
- Annast upplýsingagjöf um námsleiðir til núverandi og væntanlegra nemenda.
- Sjá til þess að kennsluáætlanir skólans séu gerðar og þeim fylgt.
- Vinna að stundatöflugerð í samráði við áfangastjórn.
- Sitja stjórnendafundi og framfylgja ákvörðunum funda eftir því sem ákveðið er.
- Skapa og viðhalda góð tengsl við atvinnulífið með samstarfi og þjónustu og rækta þau með heimsóknum, símtölum og eftir öðrum tilfallandi leiðum u.þ.b. 3 – 4 sinnum á ári. Heldur góðum tengslum við vélstjórnarmenn.
- Bera, ásamt skólastjóra endurmenntunar, ábyrgð á að ævinlega séu í boði námskeið/fræðsla er falla að öllum fræðslubáttum skólans og jaðarþáttum þess.
- Annast starfsmannamál skólans svo sem skráningu vinnutíma, ráðningu starfsmanna, skipulagningu sumarleyfa, þjálfun og fræðslu og önnur starfsmannatengd atriði í samræmi við starfsmannastefnu og þær reglur sem gilda á hverjum tíma og í samráði við skólameistara.
- Annast starfsmannamál síns skóla svo sem skráningu vinnutíma, ráðningu starfsmanna, skipulagningu sumarleyfa, þjálfun og fræðslu og öðrum starfsmannatengdum atriðum í samræmi við starfsmannastefnu og þær reglur sem gilda á hverjum tíma og í samráði við skólameistara.
- Annast önnur verkefni sem honum eru falin.

Af þessari lýsingu má glögg sjá að viðfangsefni skólastjóranna eru ærin og í viðtölum við þá kom ítrekað fram að þeir telja verksvið sitt of mikið miðað við hve litla aðstoð þeir hafa. Sammæli var samt meðal flestra þeirra um að stjórnun einstakra skóla sé markvissari en áður þar sem ákvarðanatataka sé í mörgum sviðum á einni hendi, þ.e. þeirra. Áður hafi ákvörðunum meira verið velt á milli aðila.

Annað algengt umkvörtunarefni skólastjóranna er að þeir telja sig bera alla faglega ábyrgð án þess að þeir viti úr hvaða fjármunum þeir hafa að spila. Þessu sjónarmiði var andmælt af hálfu yfirstjórnar með þeim rökum að hverjum skólastjóra sé úthlutað ákveðnum kennslukvóta sem ekki megi fara fram úr. Hins vegar sé ekki hægt að úthluta föstum fjármunum til innkaupa heldur verði að sækja um slíkt sérstaklega.

Þriðja umkvörtunarefni skólastjóranna er að þeir eiga ekki aðild að rekstrarráði og að ákvarðanir sem þar séu teknar séu í reynd tilkynntar sem lítt eða ekki breytanlegar á skólastjórafundum. Að sögn skólastjóra hafa þeir rætt um það sín á milli að gera kröfu um

beina aðild að ráðinu og öðrum þeim vettvöngum þar sem stefnumótandi ákvarðanir um skólann eru teknar.

Fjórða atriðið sem vert er að staldra við úr samræðum úttektaraðila við suma skólastjóra (oftast var rætt við tvo í senn) tengist þessu, þ.e. að stjórnun Tækniskólans sé í eðli sínu karllæg, meira sé horft á hin hörðu gildi en hin mýkri, ákvarðanir séu jafnan teknar á toppnum en ekki ræddar og þróaðar í stjórnendahópnum í heild. Þessu til áréttingar var einnig nefnt að fjármunir rati stundum frekar í eina átt fremur en aðra og nefnd voru tiltekin „gæluverkefni“ yfirstjórnar í því sambandi.

### 3.1.5 Aðrir stjórnendur

Aðrir stjórnendur í Tækniskólanum en nú hafa verið nefndir eru þessir taldir í *Ársskýrslu 2011*: Gæðastjóri (STL-010), umsjónarmaður fasteigna (STL-041), deildarstjóri upplýsingatæknideildar (hefur ekki starfslýsingu) og forstöðumaður bókasafns og upplýsingamiðstöðvar (STL-011). Flestir hafa þeir skilgreindar starfslýsingar í Rekstrarhandbók (sjá tilgreind númer) og sama gildir um marga aðra starfsmenn skólans sem ótaldir eru

### 3.1.6 Skólaráð

Í Tækniskólanum starfar skólaráð í samræmi við opinber fyrirmæli. Í því sitja skólameistarar og námstjóri ásamt tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum kennara. Ráðið fundar reglulega og fjallar meðal annars um starfsáætlun skólans en hefur í reynd ekki mikið hlutverk.

### 3.1.7 Starfsmannafundir

Fundir eru haldnir með öllum starfsmönnum Tækniskólans a.m.k. tvisvar á hverju misseri, við upphaf og lok kennsluanna. Þessir fundir koma til viðbótar þeim kennarafundum sem skólastjórar einstakra skóla halda í fundarhléum sem eru í stundaskrá allra kennara. Í *Ársskýrslu 2011* er ítarleg lýsing á umræðuefnum starfsmannafunda það ár.<sup>33</sup>

### 3.1.8 Fagráð

Við hlið hvers skólastjóra starfa eitt eða fleiri fagráð (allt að fjögur til sex fagráð í skóla) sem eru skipuð fulltrúum úr atvinnulífinu. Hugmyndin að baki þeim er að efla hugmyndaflæði til og frá skólanum, gera hann sem virkastan þátttakanda í umhverfi sínu. Fagráðin hafa að öðru leyti ekki fastan sess í innri stjórnskipan skólans.

Sem dæmi um jákvæða lýsingu á störfum fagráðs má taka eftirfarandi texta um fagráð Véltnækniskólans úr *Ársskýrslu 2011*, bls. 20:

Fagráð Véltnækniskólans hefur ótvírætt haft góð áhrif á samskipti skólans við vinnuveitendur og faggreinar og við finnum mikinn velvilja og skilning á starfi skólans, sem við rekjum beint til aðkomu fyrirtækja og fagstétta að skólanum. Á fundum förum við yfir stöðu skólans, fjölda nemenda, hvernig gengur að veita öllum menntun við hæfi og hvernig skólanum tekst að þjónusta nemendahópin almennt. Ráðið er upplýst um hvernig skólastarfið gengur og ráðsmenn taka upp mál varðandi skólann sem eru rædd og skoðuð.

Á fundum ráðsins er farið yfir námskrár og einstök fög og ábendingar og hugmyndir um það sem betur má fara eru ræddar. Einnig er mikill áhugi hjá fagráðsmönnum á verknámi utan skólans og hvort ekki sé hægt að taka einhvern þátt þess sem starfsþjálfun til sjós. Einn mikilvægur þáttur í starfi fagráðsins eru upplýsandi skoðanaskipti milli fundarmanna um faglega þætti sem eru til umræðu utan skólans og geta haft töluverð áhrif á þróun hans og stefnu.

<sup>33</sup> *Ársskýrsla 2011*. (2012), bls. 42–44.

Fagráðið er án vafa mikilvægur þáttur í eflingu skólstarfsins og samþættingu við atvinnulífið og í því sambandi er mjög æskilegt að ráðsmenn verði enn duglegri að koma með hugmyndir og tillögur að endurbótum á búnaði og benda á hvernig líklegt sé að tækjabúnaður þróist.

Í viðtölum við skólastjóra kom fram að það er í þeirra valdi hversu mörg fagrád þeir starfrækja innan sinna skóla. Ráðin eru misjafnlega fjölmenn og skólastjórnir segja þau líka misjafnlega virk. Sum þeirra funda aðeins einu sinni á skólaári eða jafnvel alls ekki, önnur funda á hverri námsönn og enn önnur oftar. Þegar vel tekst til situr fólk með dýrmæta þekkingu og reynslu í ráðunum, það flytur með sér það nýjasta sem er að gerast á vettvangi og getur beitt sér fyrir umbóta- og breytingastarfi innan sem utan skólans. Slík virkni er þó hvergi nærri einhlít.

### **3.1.9 Nemendaráð**

Í hverjum undirskóla Tækniskólans er starfandi nemendafélag og saman mynda þau eitt sameiginlegt hagsmunafélag, Nemendasamband Tækniskólans (NST). Markmið þess er að taka allar stærri ákvarðanir er lúta að heildinni og einstökum félögum innan þess. Sambandið hefur hvorki beina aðkomu að stjórn né ákvarðanatöku innan Tækniskólans eða undirskóla hans. Það tilnefnir þó áheyrnarfulltrúa á skólanefndarfundi. Skólinn leggur Nemendasambandinu til fjárstyrk til starfseminnar þar sem engin félagsgjöld eru innheimt.

### **3.1.10 Foreldraráð**

Foreldraráð var stofnað við Tækniskólann 24. október 2008 á fyrsta starfsári hans. Hlutverk þess er að styðja skólstarfið, huga að hagsmunamálum nemenda og í samstarfi við skólann að efla samstarf foreldra og forráðamanna ólögráða nemenda. Ráðið tilnefnir einn áheyrnarfulltrúa á skólanefndarfundi. Foreldraráð heldur fundi fyrsta fimmtudag í mánuði eða eftir þörfum.

Á vefsíðu skólans eru nemendur, foreldrar og forráðamenn hvattir til að hafa samband við foreldraráðið og koma með ábendingar um málefni sem vert er að taka þar til umræðu.

## **3.2 Mat úttektaraðila**

- Skipurit Tækniskólans er nokkuð skýrt en tekur hvorki til allra skilgreindra stjórnenda (vantar umsjónarmann fasteigna, deildarstjóra upplýsingatæknideildar og forstöðumann bókasafns og upplýsingamiðstöðvar) né heldur er unnt að sjá raunverulega stöðu stoðþjónustunnar (t.d. námsráðgjafa) innan stjórnkerfis skólans.
- Hlutverk stjórnar skólans og einstakra stjórnenda eru vel skilgreind í Rekstrarhandbók.
- Skólastjórnar bera mikla ábyrgð innan sinna skóla, þeir eru faglegir forystumenn en telja margir að fjárhagslegt hlutverk sitt sé óskýrt, þeir hafi of litla aðstoð í starfi og aðkoma þeirra að æðstu ákvarðanatöku sé of lítil. Úttektaraðilar taka undir þessi sjónarmið.
- Stjórn skólans er virkur þátttakandi í stefnumótun þar sem skólameistarar leggja allar stefnumótandi ákvarðanir fyrir hana til endanlegrar samþykktar.
- Stjórn skólans er virkur samráðsaðili við skólameistara og fullt traust virðist ríkja á milli aðila.
- Auk stjórnar er aðkoma atvinnulífsins að starfsemi skólans umtalsverð í gegnum fagrád sem skipuð eru í hverjum skóla fyrir hinar ýmsu starfsgreinar. Þar sem fagráðin eru virk eru þau til mikils gagns fyrir viðkomandi nám.
- Aðkoma nemenda að ákvarðanatöku innan Tækniskólans er mjög takmörkuð. Formenn nemendafélags hvers skóla mynda Nemendasambandið (nemendaráð). Það hefur hvorki beina aðkomu að stjórn Tækniskólans né ákvarðanatöku innan hans eða undirskóla. Það tilnefnir þó áheyrnarfulltrúa á skólanefndarfundi.

## 4 Rekstur

Um rekstur framhaldsskóla eru fá ákvæði í lögum um framhaldsskóla og í reynd er það aðeins 44. greinin sem kemur til álita. Þar segir orðrétt:

- Umfang starfsemi framhaldsskóla, að svo miklu leyti sem hún er fjármögnuð með framlögum úr ríkissjóði, er ákveðið í fjárlögum.
- Í samningum milli ráðherra og einstakra framhaldsskóla, sem gerðir eru til 3–5 ára í senn, skulu koma fram helstu áherslur í starfsemi skólans, námskrár, námsframboð, kennslufyrirkomulag, mat og eftirlit með gæðum og annað sem æskilegt er talið af hálfu samningsaðila. Farið skal yfir framkvæmd þessara samninga árlega og gildandi samningar endurskoðaðir ef samningsaðilar telja ástæðu til.
- Þjónustusamningar sem gerðir eru við aðra en opinbera framhaldsskóla skulu, auk þeirra atriða sem talin eru í 2. mgr., kveða á um réttarstöðu nemenda, nemendafjölda, gjaldtöku af nemendum og greiðslur fyrir aðra þjónustu sem veitt er á grundvelli samningsins.

Í yfirlýsingu menntamálaráðuneytisins og Menntafélagsins í febrúar 2008 sagði það eitt um fjármál skólans að stefnt skyldi að því að tekjur, önnur en opinber framlög og nemendagjöld, verði 5–10% af heildartekjum skólans eftir þrjú ár, þ.e. á almanaksárinu 2011.

### 4.1 Sameining og einkavæðing

Sameining Fjöltækniskólans og Iðnskólans í Reykjavík árið 2008 var ekki einfalt verkefni og af samtölum við starfsmenn er úttektaraðilum ljóst að talsverð andstaða var meðal starfsmanna beggja skólanna þegar til hennar kom. Tvennt virðist þar hafa ráðið mestu. Annars vegar tortryggðu margir starfsmenn Iðnskólans nýtt rekstrarform sem þeir vissu ekki til hvers myndi leiða, hins vegar höfðu starfsmenn beggja skólanna miklar efasemdir um að mögulegt yrði að gera skólann að raunverulegri heild vegna landfræðilegrar aðgreiningar. Mikill hluti starfseminnar var og er á Skólavörðuholti í húsum gamla Iðnskólans og Vörðuskóla, minni hlutinn er í Sjómannaskólahúsinu við Háteigsveg auk annarrar starfsemi víðar um borgina. Þessu til viðbótar höfðu starfsmenn Fjöltækniskólans gengið í gegnum sameiningu tveggja gamalla skóla fáum árum fyrr og höfðu lítinn áhuga á að endurtaka sameiningarferli að nýju.

Frá upphafi var ljóst að aðalaðsetur yfirstjórnar sameinaðs skóla yrði á Skólavörðuholti og þar með ákveðin hætta á að hin aðaleiningin og aðrar smærri yrðu reknar sem annexír. Yfirstjórn skólans hefur mætt þessu með því að báðir skólameistarar og aðrir úr yfirstjórn skólans eru með fasta vikulega viðveru á Háteigsveginum og er skrifstofa stjórnenda þar mönnum alla daga vikunnar. Jafnframt er rekin afgreiðsla vegna daglegra erinda nemenda við skrifstofu skólans auk bókasafnsþjónustu, lestraraðstöðu, tölvuþjónustu, húspjónustu og mötuneytis.

Í viðtölum við nemendur og starfsmenn Tækniskólans komu fram ýmis atriði sem ýmist hafa gengið vel eða lakar eftir sameininguna. Þeirra á meðal má nefna tíða árekstra í stundaskrá sem eru bæði nemendum og kennurum hugleikið umræðuefni; annað er það að tíminn til þess að fara á milli Háteigsvegar og Skólavörðuholts er of skammur til þess að komast megi á milli í frímínútum, hvort heldur bíll er til umráða eða ekki; þriðja er það að kennarar sem kenna á báðum stöðum verða í flestum tilvikum að hafa bíl til ferðanna og gagnrýnisráddir heyrðust úr röðum þeirra um að slíkt sé óboðleg krafa á tímum krafna um sjálfbærni og sívaxandi umhverfisvitundar; fjórða er að einstakir undirskólar Tækniskólans hafa gliðnað í sundur við það að tiltekna einingar hafa verið fluttar af Skólavörðuholtinu á Háteigsvegin. Þetta var sérstaklega nefnt um Margmiðlunarskólann sem við þetta slitnaði mikið til úr daglegum tengslum við Upplýsingatækniskólann. Skólameistari segir aftur á móti



að það hafi verið eitt markmiðið með flutningnum að gera skólann að sjálfstæðri einingu og rjúfa þannig fyrri tengsl.

Nefnd voru mörg önnur dæmi um undirskóla Tækniskólans sem telja sig hafa mikið gagn af nábyli skyldra eininga. Dæmi um ókosti þess að vera dreift er að Raftækniskólinn og Vél-tækniskólinn myndu báðir hagnast verulega á nánú sambyli en á móti kemur að sambyli þeirra tveggja var heldur ekki til að dreifa áður en til sameiningarinnar kom. Samþætting þessara tveggja skóla hefur þó að nokkru gengið eftir með samnýtingu kennara og tækja þrátt fyrir að þeir séu í sitt hvoru húsinu.

Þrátt fyrir ýmsa annmarka sem sameiningunni óhjákvæmilega fylgdu skal því skýrt til haga haldið að bæði kennarar og skólastjórar tóku það rækilega fram í viðtölum við úttektaaðila að þeir upplifa sig sem hluta af sterkri heild þar sem hver eining nýtur kosta hinna.

Þegar kemur að eignarhaldi og rekstrarlegum þáttum er ljóst að vel hefur tekist til við að koma fjármálum Tækniskólans í gott horf. Það hefur hins vegar kostað mikið aðhald í rekstri, sársaukafullar uppsagnir starfsmanna og margvíslega endurskipulagningu sem að mörgu leyti hefur frekar farið fram á rekstrarlegum forsendum en venjubundnum aðferðum opinberra skóla. Um slíkt skapast að sjálfsögðu ágreiningur en aðferðafræðina má tvímælalaust rekja til eignarhaldsins. Engum kennara var sagt upp en í samtölum við skólameistara kom fram að samtals var fækkað um þrettán stöðugildi í stöðþjónustu (um 25%) við skólann á skömmum tíma. Í viðtölum við námsráðgjafa, skólastjóra, almenna kennara og nemendur var því hiklaust haldið fram að þjónusta við nemendur hafi minnkað við þessar ráðstafanir til mikilla muna. Verkefni þeirra sem sagt var upp fluttust á aðra starfsmenn og/eða breyttust vegna endurskipulagningar og hagræðingar. Þeir sem lengst ganga halda því beinlínis fram að aðgerðirnar hafi verið skemmdarverk gagnvart skólanum sem menntastofnun, hrein rekstrarleg sjónarmið hafi ráðið á kostnað menntunarlegra viðhorfa.

Í viðtölum við málsaðila urðu úttektaaðilar ekki varir við annað en langflestir væru sáttir eða beinlínis ánægðir með núverandi eignarhald á Tækniskólanum og aðkomu atvinnulífsins að stjórn og rekstri hans. Sem dæmi má nefna að stjórn skólans sagði eigendur hans stolta af því að eiga beina aðkomu að menntun ungmenna í verklegum greinum, skólameistarar og skólastjórar nefndu ýmis dæmi um myndarleg framlög einstakra fyrirtækja í formi búnaðar, gildi fagraðanna hefur þegar verið nefnt í kafla 3.1.8. Á móti kemur að sumir skólastjórana segja þær atvinnugreinar sem næst standa þeirra skólum áhugalitlar um stuðning og í reynd skipti breytt rekstrarform engu frá því sem áður var. Úr röðum kennara heyrast bæði jákvæð og neikvæð sjónarmið. Þeim finnst allmörgum að innleiddar hafi verið aðferðir venjubundinnar fyrirtækjastjórnunar í skólanum, lýðræðisleg umræða sé lítil, ákvarðanir séu allar teknar af æðstu stjórnendum og þær síðan tilkynntar: fyrst skólastjórum á skólastjórafundum og þeir flytji boðskapinn síðan áfram á kennarafundum innan sinna skóla. Raddir nemenda eru allar á þann veg að þeir lýsa ánægju með núverandi eignarhald og rekstrarfyrirkomulag.

## 4.2 Samdráttur og sparnaðaraðgerðir

Fyrsta heila árið sem Tækniskólinn starfaði, 2009, var verulegt tap á rekstri hans, 74,1 milljón króna eða sem nam 3,5% af heildartekjum það ár. Ástæður þessa taps voru í ársskýrslu aðallega taldar af þrennum toga. Í fyrsta lagi hefði skólinn skilað 110 nemendaígildum umfram skertan fjölda ársnema á fjárlögum án þess að fá nokkuð greitt fyrir þann hóp. Í öðru lagi segir að ráðuneytið hafi ekki staðið skólanum skil á húsnæðiskostnaði utan húsnæðis Fasteigna ríkisins. Í þriðja lagi segir í skýrslunni að framlag ráðuneytisins vegna húsnæðis

Fasteigna ríkissjóðs hafi verið umtalsvert lægra en sem nam greiðslu skólans til sama aðila.<sup>34</sup> Þessu til viðbótar segir í ársskýrslunni að vegna mistaka hafi skólinn fengið ofgreiddar 52,4 milljónir króna á árinu 2008. Þessi ofgreiðsla hafi komið skólanum í opna skjöldu og er hún var skuldfærð olli hún umtalsverðum sjóðstreymisvanda.

Þessi vandi bættist við niðurskurð um 5,5% á framlögum ráðuneytisins til framhaldsskóla á fjárlögum 2010 vegna bankahrunsins haustið 2008 og eftirfarandi efnahagskreppu. Þegar þessi staða varð ljós um mitt ár 2009 greip skólinn til umfangsmikilla sparnaðaraðgerða sem náðu meðal annars til fækkunar starfsliðs í yfirstjórn og stoðþjónustu ýmiss konar, stækkun námshópa, minnkun á yfirvinnu kennara og breytinga á fyrirkomulagi prentunar og ljósritunar.<sup>35</sup> Um það er áður að nokkru rætt en vert er að benda á að þrátt fyrir nefndar aðgerðir eru kennarar skólans sem fyrr í hópi þeirra kennara sem hæst heildarlaun hafa samkvæmt reglulegum könnunum Kennarasambands Íslands.

Sparnaðarráðstafanirnar skiluðu strax þeim árangri að lítils háttar hagnaður varð af rekstrinum árið 2010 og nam viðsnúningurinn liðlega 100 milljónum króna. Samkvæmt ársskýrslu lækkaði launahlutfallið úr 79,2% í 75,8% enda hafði störfum á stoðsviðum verið fækkað um rúmlega 25%. Í skýrslunni segir einnig að skólinn hafi skilað um 150 nemendaígildum umfram kvóta samkvæmt fjárlögum og að reikna megi með að kostnaður vegna þessa hafi verið 80–100 milljónir króna.<sup>36</sup> Þá kom fram í viðtölum við stjórnendur að vegna innbyggðar skekkju í reiknilíkani hafi framlög til skólans verið lægri en ella. Skekkjan felist í því að þegar skólinn skilar umfram nemendaígildum (110 á árinu 2009 og 150 árið 2010) hafi það þau áhrif að framlag á hvert nemendaígildi lækki á næsta ári á eftir.

Staðan hélt áfram að batna á árinu 2011 því það ár skilaði Tækniskólinn 34,1 milljón króna í hagnað sem nam 1,58% heildarteknanna það ár. Launahlutfallið lækkaði um 0,8 prósentustig frá fyrra ári og var 75% slétt.<sup>37</sup> Í ársreikningi segir að ástæður viðsnúningsins megi rekja til „aðhalds og sparnaðar sem fram hefur komið í breytingum á starfsmannahaldi, tilfærslu verkefna, minni yfirvinnu og betri nýtingu og hagstæðari hópastærðum í kennslu auk þess sem nemendaígildum hefur fjölgað gegnum átaksverkefnið „Nám er vinnandi vegur“.“<sup>38</sup>

### 4.3 Skipting heildartekna

Takmarkið sem sett var árið 2008 um að tekjur, önnur en opinber framlög og nemendagjöld, verði 5–10% af heildartekjum skólans eftir þrjú ár náðist ekki á árinu 2011 og vantaði talsvert upp á að svo væri. Samkvæmt gögnum frá rekstrar- og fjármálastjóra voru tekjur frá ríkissjóði samtals um 85% af heildartekjum skólans, tekjur vegna nemenda (aðallega skólagjöld) voru rúm 12%, verksala og vörukaup skiluðu 0,4% og aðrar tekjur og styrkir 2,7%. Hlutfall opinberra framlaga og nemenda var þannig samtals um 97% en rekstrarfjármunir annars staðar frá um 3%.<sup>39</sup>

Skýringar á þessum mun markmiða og raunveruleika eru að sögn skólameistara þær að í samningnum við ráðuneytið og í skólasamningi hafi ávallt verið sá skilningur að nemendatekjur skólans væru hluti sértekna en ekki opinber framlög. Villan liggi í orðalagi samkomulagsins. Þar hafi ekki átt að nefna nemendagjöldin því meiningin hafi verið að sértekjur yrðu 10%. Markmið um 10% eigin tekjur utan opinberra framlaga hafi að mati eigenda og stjórnenda skólans verið bratt en náðst og rúmlega það. Slíkt hefði verið vonlaust og óraunsað hefði einungis verið miðað við eigin tekjumöguleika utan opinberra framlaga og

<sup>34</sup> Ársskýrsla 2009. (2010), bls. 32.

<sup>35</sup> Sama heimild, bls. 33.

<sup>36</sup> Ársskýrsla 2010. (2011), bls. 33–34.

<sup>37</sup> Ársskýrsla 2011. (2012), bls. 45.

<sup>38</sup> Ársreikningur 2011. (2012), bls. 2.

<sup>39</sup> Björg Jónsdóttir. (2012). Gögn til úttektaraðila 9. maí.

nemendatekna. Að sögn skólameistara hefur þessi skilningur verið ítrekaður í skólasamningi þó svo enginn hafi athugað villuna í texta yfirlýsingarinnar frá 2008 og breytt henni.<sup>40</sup>

#### 4.4 Skóla- og efnisgjöld

Skóla- og efnisgjöld á hverri námsönn eru mismunandi eftir undirskólum Tækniskólans og innan hvers skóla getur einnig verið misjöfn gjaldtaka eftir námsleiðum. Ef fyrst er litið til hins hefðbundna framhaldsskóla eru gjöldin lægst í Fjölmenningskólanum og Tæknimenntaskólanum, 25.200 krónur á önn, hæst eru þau í Byggingatækniskólanum (byggingagreinum), Hársnyrtiskólanum, Hönnunar- og handverksskólanum (gull- og silfursmiði), Raftækniskólanum og Véltnækniskólanum, 43.350 á hverri námsönn. Af þessum gjöldum er síðan 5.000 króna afsláttur ef greitt er á eindaga. Með afslætti kostar skólaárið þannig 40.400–76.500 eftir því hvaða námsleið er valin. Sé litið til fjórða stigs námsins hækka gjöldin verulega, verða 200.000 krónur fyrir hverja námsönn í hljóðtækni innan Raftækniskólans og 150.000 krónur á önn innan Margmiðlunarskólans. Um Meistaraskólann og diplómunám gilda síðan enn aðrar upphæðir og reiknireglur.<sup>41</sup>

#### 4.5 Framlag atvinnulífsins

Eigendur Tækniskólans lögðu fram hundrað milljónir króna í hlutafé við stofnun skólans en leggja honum ekki til beina fjármuni til daglegs rekstrar. Eigendur og einstök fyrirtæki eða samtök þeirra hafa lagt skólanum myndarlega lið með fjárframlögum og ýmsum búnaði.

Skólameistari (Jón B. Stefánsson) segir að þessara framlaga sé getið í ársskýrslum skólans en úttektaraðilum tekst ekki að finna þeim orðum stað. Þó er ljóst að þau hlaupa a.m.k. á tugmilljónum króna frá því skólinn var stofnaður. Skólameistari segir sum þessara tillaga hafa skipt sköpum og nefnir sérstaklega fjárframlag Samtaka iðnaðarins sem veitt var 2009 og kom til ráðstöfunar 2010 og 2011. Það fór í að bæta og uppfæra tölvukerfi skólans og tæknibúnað er því tengist; að innrétta og setja upp eðlis- og efnafræðistofu fyrir skólann í heild; í nýjan búnað vegna ljósmyndunar fyrir Upplýsingatækniskólann; í hátæknibúnað fyrir Raftækniskólann og Véltnækniskólann og loks var endurnýjaður þráðlaus búnaður í skólanum með nemendur sérstaklega í huga.<sup>42</sup>

Framlaga af þessu tagi sér ekki beinan stað í opinberu bókhaldi stofnunarinnar og þau skiptast með ójöfnum hætti á mismunandi skóla innan hennar. Sumir þeirra telja sig ekki hafa fengið neitt meðan aðrir hafa hlotið tillög sem verulega munar um. Engin stefna virðist vera um það hvort stýra beri framlögum af þessu tagi með einhverju móti eða ekki.

Um þetta segir skólameistari að ekki sé mögulegt að hafa stefnu um skiptingu framlaga sem að mestu eru tilkomin vegna velvilja einstakra fyrirtækja, greina eða fagfélaga og beinast að „þeirra“ skóla. Hann segir skólustjóra reglulega hvatta til að leita fanga hjá samstarfsaðilum og nota tengslin í gegnum fagráðin til þess. Þá segir hann að erfitt sé að andmæla fullyrðingum um að einhverjar einingar hafi hugsanlega ekki fengið neitt en töluverðir fjármunir af fyrrnefndum peningastyrk SI hafi þó farið í að bæta og uppfæra tölvukerfi og tæknibúnað, innréttingu og uppsetningu eðlis- og efnafræðistofu og endurnýjun þráðlauss búnaðar sem komi öllum til góða. Allir hafi þannig notið þess sem inn hefur komið.<sup>43</sup>

<sup>40</sup> Jón B. Stefánsson. (2012). Bréf til úttektaraðila, dagsett 12. júní.

<sup>41</sup> Björg Jónsdóttir. (2012). Gögn til úttektaraðila 9. maí.

<sup>42</sup> Jón B. Stefánsson. (2012). Bréf til úttektaraðila, dagsett 12. júní.

<sup>43</sup> Sama heimild.

## 4.6 Mat úttektaraðila


- Sameining Fjöltækniskóla Íslands og Iðnskólans í Reykjavík árið 2008 hefur í öllum meginráttum gengið vel.
- Mikil fækkun stöðugilda, einkum í stoðþjónustu, hefur komið niður á þjónustu við nemendur.
- Almenn sátt er meðal nemenda og starfsmanna með núverandi rekstrarform og aðkomu atvinnulífsins að stjórn og rekstri Tækniskólans.
- Miklum hallarekstri hefur verið snúið í jákvæða rekstrarafkomu á skömmum tíma. Fyrsta heila starfsárið nam tap á rekstri 74,1 milljón króna eða sem nam 3,5% af heildartekjum. Víðtækar sparnaðaraðgerðir leiddu til þess að hagnaður varð strax árið 2010 og 2011 skilaði Tækniskólinn 34,1 milljón króna í hagnað sem var 1,58% heildartekna það ár.
- Takmarkið sem sett var árið 2008 um að tekjur, önnur en opinber framlög og nemendagjöld, verði 5–10% af heildartekjum skólans eftir þrjú ár náðist ekki á árinu 2011 og vantaði talsvert upp á að svo væri. Skólameistari segir að orðalag markmiðsins sé rangt og aldrei hafi verið að því stefnt að undanskilja nemendagjöld við setningu þess.
- Árleg nemendagjöld eru há.
- Skólinn nýtur allmikilla framlaga frá eigendum sínum í formi búnaðar og beinna fjárstyrkja. Úttektaraðilum hefur ekki tekist að átta sig á um hversu háar fjárhæðir ræðir.

## 5 Innra mat

Í yfirlýsingu menntamálaráðuneytisins og Menntafélagsins 29. febrúar 2008 var því lýst yfir að Tækniskólinn ætlaði sér að koma á vottuðu gæðakerfi samkvæmt ISO9001 staðli innan þriggja ára. Þetta markmið hefur ekki náðst nema að hluta til. Nám við Skipstjórnarskólann og Vélþækniskólann þarf og hefur þessa vottun samkvæmt alþjóðasamþykktum frá International Maritime Organisation (IMO) sem gerir þar að auki kröfu um úttektir á gæðakerfinu á fimm ára fresti eða oftar. Tæknimenntaskólinn sem annast kennslu almennra greina fyrir m.a. Vélþækni,- og Skipstjórnarskólann fellur undir vottun þessara skóla. Tækniskólinn hefur lengi stefnt að ISO vottun fyrir alla aðra undirskóla og hefur frá stofnun rekið gæðakerfi (rekstrarhandbók) sem tekur til alls reksturs, þjónustu og kennsluferlisins, þ.e. hver gerir hvað, hvernig og hvenær. Af heildarvottun skólans skólans hefur ekki orðið enn. Tekið skal fram að notkun ISO staðalsins var ekki val skólans í upphafi heldur áskilin vegna vottunar fyrrnefndra skóla.

### 5.1 Rekstrarhandbók Tækniskólans – ISO9001

Gæðakerfi Tækniskólans er skráð í svokallaða Rekstrarhandbók sem vistuð er á heimasíðu skólans og er öllum opin. Innihald hennar samanstendur af stefnuskjölum, starfslýsingum og verklagsreglum. Handbókinni er skipt í tíu undirkafla og eru heiti þeirra lýsandi fyrir innihaldið: Stjórnskipulag og stefna; Starfslýsingar; Áfangalýsingar; Námskeiðslýsingar; Verklagsreglur; Vinnulýsingar; Leiðbeiningar, spjöld og minnislistar; Gátlistar og eyðublöð; Kennsluáætlanir; Námskeiðsáætlanir. Undir hverju kaflaheiti eru síðan mismörg skjöl sem taka til ákveðinna viðfangsefna hvert fyrir sig. Skipulag gæðastjórnunarkerfisins er sett fram eins og sjá má á mynd 2.<sup>44</sup>



Mynd 2: Skipulag gæðastjórnunarkerfisins í Tækniskólanum.

<sup>44</sup> Hlutar gæðakerfis. (2010).

Dagleg umsjón með gæðakerfinu og þróun þess er í höndum gæðastjóra sem heyrir beint undir skólameistara en við hlið hans starfar gæðaráð sem fundar vikulega samkvæmt boðaðri dagskrá. Lýsingar á stjórn og framkvæmd gæðamála eru skráðar í nokkrum verklagsreglum (VKL) í rekstrarhandbók skólans.

## 5.2 Gæðamarkmið

Í Rekstrarhandbók Tækniskólans eru skilgreind margvísleg gæðamarkmið. Sum þeirra hafa verið nefnd áður í þessari skýrslu en hér eru þau öll birt óbreytt sem stöðumynd af gildandi stefnumiðum skólans á vordögum 2012:<sup>45</sup>

Gæðamarkmið fléttast beint inn í rekstrar- og viðskiptamarkmið Tækniskólans, enda er litið á gæðastjórnun skólans sem lið í daglegum rekstri hans.

### Markmið í kennslu og námi

Þróa kennsluhætti hafa hvetjandi námsmat með skýrum væntingum til nemenda, og eftirliti með ástundun þeirra.

- Val og ábyrgð nemenda á verkefnum aukist eftir því sem þeir eru lengra komnir í námi.
- Kennslan verði skipulögð út frá því hvaða upplýsingar, tæki og leiðsögn nemendur þurfa til að geta leyst verkefnin af hendi.
- Kennarar þróa rafrænar leiðir til upplýsingamiðlunar og námsmats.
- Hlutfall leiðsagnarmats á úrlausnum verkefna verði einkennandi og hlutfall lokaprófa í námsmati fari minnkandi.
- Stefnt er að minnkandi brottfalli og batnandi meðalárangri nemenda Tækniskólans, skóla atvinnulífsins.
- Ferilmappa verði hluti af námsmati á flestum brautum.

Mælipunktur á næstu þremur árum:

- Afföll skráðra eininga verði undir 15%.
- Hlutfall staðinna eininga verði yfir 75%.
- Hlutfall lokaprófa í námsmati minnki um 30%.
- Notkun ferilmöppu sem hluti af námsmati aukist um 30% á ári.

### Markmið í þróun námsbrauta

Unnið verði áfram að þróun nýrra námsbrauta á framhaldskóla- og framhaldsstigi (fjórða þrepi) í samræmi við þarfir nemenda og atvinnulífs.

- Í samræmi við ný lög verði lokið endurskoðun allra námsbrauta Tækniskólans haustið 2013.
- Á hverju ári verði a.m.k. ein ný námsbraut þróuð með hagsmunaaðilum.
- Fjölgun nemenda sem ljúka námi af 4. þrepi frá Tækniskólanum, skóla atvinnulífsins.
- Byggja upp samstarf við erlenda skóla
- Fá viðurkenningu erlendra og innlendra skóla á námi skólans á fjórða þrepi.

Mælipunktur á næstu þremur árum:

- Verði nýjar/endurskoðaðar námskrár a.m.k. 4 á ári.
- Nýjar námsbrautir á 4. þrepi verði a.m.k. þrjár.
- Nemendum sem ljúka námi á 4. þrepi skólans fjölgi um 20%.

### Markmið um mannauð, ánægju nemenda og starfsmanna

Skólinn mæli reglulega líðan og ánægju nemenda og starfsmanna og setji niðurstöðurnar í ferli til úrbóta þar sem við á.

- Kennslu- og áfangamat verði á hverri önn og þróað til að gefa betri mynd af stöðu kennslu og áfanga.

---

<sup>45</sup> Gæðamarkmið. (2012).

- Aðlögun kennslurýmis miðað við breytilegar áherslur verði unnið í samvinnu við starfsmenn.
- Skólinn stuðli að endurmenntun starfsmanna sinna með námskeiðum, fræðslufundum, fyrirlestrum og kynningarferðum.
- Skólinn leggi áherslu á félagslíf nemenda og styður skólafélögin og nemendasambandið.

Mælipunktur á næstu þremur árum:

- Annað hvert ár verði gerð ein viðhorfskönnun meðal nemenda og ein meðal starfsmanna.
- Einkunn kennslumats verði ekki undir 4.0.
- Einkunn áfangamats verði ekki undir 4.0.

### Markmið um rekstur, skipulag og húsnæði

Gott skipulag í mannauðsstjórnun, aðhald og skipulag á innkaupum og nýting efnis og einnig góð nýting í námshópum. Yfirstjórn skólans vinni náið með eigendum að þróun hans í aðbúnaði og framtíðarhúsnæði.

- Halda nýtingu í námshópum eins góðri og mögulegt er hverju sinni.
- Stefnt er að því að tekjur aðrar en opinber framlög og nemendagjöld aukist sem hlutfall heildartekna.
- Unnið skal markvist að endurnýjun tækja og búnaðar.
- Allur skólinn starfi eftir vottuðu gæðakerfi samkvæmt ISO9001.

Mælipunktur á næstu þremur árum:

- Tekjur aðrar en opinber framlög verði allt að 20% af heildartekjum á þremur árum.
- Meðalnýting í námshópum verði yfir 90% á hverju skólaári.
- Hlutfall launakostnaðar af heildartekjum sé ætíð undir 80%
- Gæðakerfi samkvæmt ISO9001 staðli verði komið á skólann í heild og vottað ekki síðar en 2014.

## 5.3 Innra mat

Í almennum hluta *Aðalnámskrár framhaldsskóla* frá 2004 er sérstakur kafli um sjálfsmat skóla og framkvæmd þess, m.a. eru sett fram tíu tölusett viðmið sem skólum bera að fara eftir.<sup>46</sup> Þar segir að skilgreina þurfi í skólanámskrá hvernig að matinu sé staðið og aðferðum við það lýst. Sams konar kafli er í *Aðalnámskrá framhaldsskóla* frá 2011 og þar má lesa eftirfarandi: „Markmið mats og eftirlits er einkum þríþætt. Í fyrsta lagi að fylgjast með að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskráa. Í öðru lagi að auka gæði skólastarfsins og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum. Í þriðja lagi að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun.“<sup>47</sup> Síðan koma viðlíka ákvæði um tengingu við skólanámskrá og voru í námskránni frá 2004.

Þessi ákvæði eru skýr en þeim er lítið fylgt eftir í skólanámskrá (*Námsvísi*) Tækniskólans. Þar er aðeins vísað til vottunar Skipstjórnar- og Véltaekniskólans, sagt að stefnt sé að ISO-vottun allra skólanna innan þriggja ára og síðan vísað til Rekstrarhandbókarinnar og kennslumats á hverri önn.<sup>48</sup>

Í títtnefndri Rekstrarhandbók er fjallað um innra mat og framkvæmd þess í ákveðinni verklagsreglu. Þar segir að tilgangur slíks mats sé „að ná fram stöðugum umbótum á allri starfsemi skólans.“ Í þeim umbótum felist „m.a. aukin hagræðing, meiri ánægja viðskiptavina, aukin félagsleg vellíðan nemanda og starfsmanna og bætt fjárhagsleg afkoma skólans.“ Ennfremur að vinnuferlið við framkvæmd matsins tryggi „að skipulegar, kerfisbundnar og skjalfestar aðferðir séu notaðar í vinnunni með innri úttektir.“ Þá segir að helstu viðmiðin (markmið) séu að athuga „(1) hvort gæðastjórnunarkerfið sé virkt, (2) hvort

<sup>46</sup> *Aðalnámskrá framhaldsskóla: almennur hluti.* (2004), bls. 42–44.

<sup>47</sup> *Aðalnámskrá framhaldsskóla: almennur hluti.* (2011), bls. 20.

<sup>48</sup> *Námsvísir 2011–2012.* [2011], bls. 26.

farið sé eftir skjalfestum verklagsreglum og/eða vinnulýsingum, (3) hvort samræmis sé gætt við ISO 9001:2000 staðalinn og (4) hvort lög, reglugerðir og eigin viðmið (markmið) skólans séu virt.<sup>49</sup> Af þessu má ráða að ISO 9001:2000 staðallinn er í grunninn fremur hugsaður út frá hefðbundnum rekstrarsjónarmiðum fyrirtækis, er einfaldlega fyrirtækjamiðaður, en þeim menntaviðmiðum sem aðalnámskráin frá 2004 leggur fram.

Gæðastjóra er ætlað að gera áætlanir um innra mat til eins árs í senn og leggja þær fyrir gæðaráð til samþykktar. Skólameistara er síðan ætlað að fylgja ferlinu eftir og hann ber ábyrgð á því. Um þetta er fjallað í tilvitnaðri verklagsreglu og vísað í nokkra gátlista þar að lútandi (GAT-003 til GAT-007). Þessir listar eru í handbókinni sem eyðublöð til útfyllingar. Að sögn skólameistara eru innri úttektir gerðar reglulega en áætlun um framkvæmd þeirra er ekki í Rekstrarhandbók skólans. Í gögnum sem skólameistari afhenti úttektaraðilum var þó áætlun um innri úttektir og stöðu þeirra fyrir almanaksárið 2011<sup>50</sup> og síðar fengust upplýsingar um að skjalavistun innri úttekta fari fram með tvennu móti: annars vegar séu þær varðveittar á pappír og hins vegar í Share Point kerfi gæðastjóra.<sup>51</sup>

Á hverri önn er gert rafrænt kennslumat sem lítið sem ekkert hefur breyst um drjúgt árabíl svo niðurstöður séu samanburðarhæfar. Spurningarnar og heildarniðurstöður eru birtar á heimasíðu skólans<sup>52</sup> auk þess sem kennarar sjá niðurstöður um umsjónarnámskeið sín. Skólastjórar fá einnig niðurstöður í námskeiðum sinna skóla og ræða útkomuna við einstaka kennara eftir því sem tilefni eru til.<sup>53</sup> Spurningarnar í kennslumatinu eru fremur einhæfar því þær lúta eingöngu að frammistöðu kennarans, ánægju með námsefnið og líðan í kennslustundum. Ekkert er spurt út í eigið vinnuframlag nemandans né neitt annað sem að frammistöðu hans sjálfs lýtur.

Á sama tíma og kennslumatið fer fram gefa kennarar nemendum vitnisburð um frammistöðu sína í hverjum áfanga fyrir sig. Það mat byggir að stofni til á námsmati sem þá þegar hefur farið fram. Matið er gefið í bókstöfum: A merkir ágætt, nemandanum gengur ákaflega vel; B merkir í lagi, nemandinn hefur tók á efninu en má ekki slá slöku við; C merkir ábótavant, nemandinn þarf að taka sig á; X merkir að ekki séu forsendur til þess að veita vitnisburð.<sup>54</sup>

Annað reglubundið mat er „rýni stjórnenda á virkni gæðastjórnunarkerfisins, til að tryggja að það henti áfram, sé virkt og skili tilætluðum árangri, þannig að gæðamarkmið Tækniskólans um ánægju viðskiptavina og yfirfærða þekkingu til þeirra náist.“<sup>55</sup> Vinnuferlið í kringum þessa rýni er í megindráttum það að gæðastjóri gerir samantekt og greiningu á öllum frábrigðum, ábendingum/kvörtunum, úrbótum og forvörnum; innri úttektum og úrbótum; gæðaskýrslu; viðfangsefnum fyrri rýni. Að því búnu er boðaður sérstakur rekstrarráðsfundur sem halda á í lok hverrar annar. Efni fundarins er skýrsla gæðastjóra, farið er yfir gæðastefnu og markmið með viðbætur og umbætur í huga. Aðgerðir og verkefni eru ákveðin og sett á verkefnislista einstakra stjórnenda. Það er síðan í verkahring skólameistara (Jóns B. Stefánssonar) að fylgjast með að ákvarðanir gangi eftir.

Síðasta rýniskýrsla stjórnenda er dagsett 31.10.2011 og rýnifundur um efni hennar var haldinn tæpum þremur vikum síðar.<sup>56</sup> Á honum var meðal annars farið yfir fyrri rýni frá árinu 2009 þar sem kom fram að innri úttektir hafi þá enn ekki verið gerðar og aðalástæða þess talin sameining Fjöltækniskólans og Iðnskólans. Þá segir að innri úttektum vegna ársins

<sup>49</sup> Innri úttektir. (2010).

<sup>50</sup> *Rýni stjórnenda V-2011*. (2011); Gögn frá skólameistara.

<sup>51</sup> Jón B. Stefánsson. (2012). Bréf til úttektaraðila, dagsett 12. júní.

<sup>52</sup> *Gæðamál*. (2012).

<sup>53</sup> Kennslumat. (2010).

<sup>54</sup> *Ársskýrsla 2011*. (2012), bls. 31.

<sup>55</sup> Rýni stjórnenda. (2010).

<sup>56</sup> *Rýni stjórnenda V-2011*. (2011); Gögn frá skólameistara.



2009 sé lokið og fimm af tólf úttektum vegna ársins 2010, það sé nokkurn veginn samkvæmt áætlun. Niðurstöður þessara úttekta eru ekki á heimasíðu skólans. Þá var farið yfir kennslumat vorannar 2011 og viðhorfskönnun meðal nemenda á stoðþjónustu Tækniskólans frá því í ársbyrjun 2010 með svörum rúmlega 700 nemenda. Niðurstöður þeirrar könnunar voru ræddar í starfshópum með utanaðkomandi ráðgjöfum og að sögn skólameistara var sett fram aðgerðaáætlun. Hvorki hún né niðurstöðurnar hafa verið birtar opinberlega en spurt var um þjónustu bókasafns og skrifstofu, tölvuþjónustu, húsumsjón, mötuneyti og félagslífið.

Í sömu rýniskýrslu kemur fram að gerð hafi verið könnun á vormánuðum 2011 meðal brautskráðra af listnámsbraut og þeir spurðir hvernig námið hafi nýst til vinnu og frekara náms. Ekkert er af niðurstöðum sagt en að sögn skólameistara voru þær kynntar á fundi með kennurum hönnunarbrautar og unnið með þær í stefnumótunarvinnu undir leiðsögn utanaðkomandi ráðgjafa. Sú vinna mun enn í gangi.<sup>57</sup>

Aðrar kannanir sem telja má til innra mats í Tækniskólanum eru annars vegar viðhorfakönnun meðal starfsmanna í maí 2009 og önnur með sömu eða að miklu leyti sams konar spurningum í maí 2012.<sup>58</sup> Niðurstöður beggja kannananna hafa verið kynntar starfsmönnum en eru ekki aðgengilegar á vef skólans. Loks er fyrirbyggjandi skýrsla um innra mat fyrir skólaárið 2010–2011.<sup>59</sup> Í henni er greint mjög stuttlega frá gæðakerfinu, kennslumati, miðannarmati, innri rýni, fyrrnefndri viðhorfskönnun meðal starfsmanna og úrbótaferli innan skólans þegar þess er þörf. Seinni hluti skýrslunnar greinir frá stefnumiðum í kennslu og námi, um þróun námsbrauta, um mannauð, um ánægju nemenda og starfsmanna, um rekstur, skipulag og húsnæði. Í lokin eru endurrit fundargerða frá rýni stjórnenda 31.10.2011 og fundargerðar rekstrarráðs daginn eftir. Þessi matskýrsla er öll í mjög knöppu formi og rúmast auðveldlega á tólf blaðsíðum í brotinu A4.

## 5.4 Mat úttektaraðila

- Tækniskólinn sem heild fékk ekki vottun á ISO9001 staðalinn á árinu 2011 en var fyrir með alþjóðlega vottun á Skipstjórnar- og Veltækniskólanum.
- Gæðastaðallinn er í grunninn fremur hugsaður út frá hefðbundnum rekstrarsjónarmiðum fyrirtækis en menntaviðmiðum.
- Áætlun um framkvæmd innra mats er ekki aðgengileg í Rekstrarhandbók skólans.
- Framkvæmd innra mats er að hluta til í samræmi við lýsingu í aðalnámskrá og fáorð ákvæði í skólanámskrá.
- Mat tekur einkum til formlegra þátta innan stofnunarinnar en síður til viðhorfagreiningar, hvort heldur er meðal nemenda eða starfsmanna.
- Kennslumat er gert á hverri önn, það er þröngt að efni til en rúmast innan fyrirmæla aðalnámskrár.
- Markmið innra mats eru að hluta til skýr í matsáætlun og kennslumat hefur verið (nær) óbreytt í mörg ár. Langtímamatsáætlun er ekki til staðar og sú áætlun sem úttektaraðilar hafa séð fyrir árið 2011 skilgreinir aðeins viðfang en ekki markmið.
- Framkvæmd innra mats á gæðum þjónustu er trúverðugt svo langt sem það nær. Hlutverk gæðastjóra er skilgreint, ferli við kennslumat og rýni stjórnenda er jafnframt prýðilega ljóst. Hins vegar vantar verklagsreglur fyrir annað mat.
- Verkferlar við innra mat eru skýrir og ábyrgð fyrir skipulagi og framkvæmd skilgreind í Rekstrarhandbók.

<sup>57</sup> Jón B. Stefánsson. (2012). Bréf til úttektaraðila, dagsett 12. júní.

<sup>58</sup> Baldur Gíslason. (2012). Bréf til úttektaraðila, dagsett 24. maí; Gögn frá skólameistara.

<sup>59</sup> *Skýrsla um innra mat Tækniskólans, skóla atvinnulífsins skólaárið 2010–2011*. [2011].

- Kennarar eru lítt virkir í innra mati. Þeir svara viðhorfakönnunum sem fyrir þá eru lagðar en koma hvorki að samningu spurninga í þeim né kennslukönnunum.
- Nemendur svara kennslukönnunum og þátttaka í viðhorfakönnun í ársbyrjun 2010 var allgóð. Þeir eiga hins vegar engan hlut að því um hvað er spurt.
- Kennslumat svarar ákveðnum hlutum um það sem gerist innan kennslustofunnar, gildi námsefnis og að nokkru (mjög takmarkað) um líðan nemenda. Niðurstöður úr prófum veita upplýsingar um námsárangur. Á öðrum þáttum snertir reglubundið mat ekki. Til dæmis verður ekki séð að markvissar upplýsingar fáiist um bekkjarstjórnun né samskipti kennara og nemenda í víðara samhengi.
- Að gerðu innra mati er gripið til viðbragða ef þess er talin þörf af yfirstjórnendum en úttektaraðilum er ekki kunnugt um að niðurstöður mats hafi leitt til markvissrar skólaþróunar.
- Heildstæðar aðgerða-/umbótaáætlanir eru ekki gerðar í ljósi innra mats þótt stjórnendur setji í rýni sinni fram ákveðnar hugmyndir og taki ákvarðanir um aðgerðir sem grípa þarf til. Upplýsingar þar um eru ekki birtar á vef skólans.
- Svo langt sem aðgerða- og umbótaáætlanir ná er skýrt innan skólans hver er ábyrgur fyrir eftirfylgni.
- Kennarar og skólastjórar fá niðurstöður kennslumats. Nemendur fá ekki niðurstöður eigin viðhorfamats (könnun í ársbyrjun 2010). Foreldrar og aðrir utanaðkomandi fá hvorki niðurstöður kennslumats né viðhorfakannana meðal nemenda sem kennara.

## 6 Samantekt á niðurstöðum

Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins, var stofnaður árið 2008 þegar Iðnskólinn í Reykjavík og Fjöltækniskóli Íslands sameinuðust. Hann er stærsti framhaldsskóli landsins, rekinn undir merkjum Menntafélagsins ehf. Meginmarkmiðin eru að veita menntun sem fellur að þörfum nemenda og atvinnulífs, auðgar líf einstaklinga og eflir samfélagið. Tækniskólinn vill ávallt vera í fararbroddi í þróun námsbrauta, kennsluhátta og notkun upplýsingatækni í kennslu.

Tækniskólinn setur gildi sín og stefnu fram undir kjörordunum *menntun, virðing, fagmennska og framsækni*. Hann skiptist í tólf undirskóla eftir viðfangsefnum sem hafa faglegt sjálfstæði og sérstakan skólastjóra. Innan hvers skóla er val um ólíkar námsbrautir.

Æðsta stjórn, yfirstjórn, Tækniskólans er skipuð fimm fulltrúum eigenda. Þeim við hlið starfa tveir meðstjórnendur. Stjórnin mótar stefnu og hefur eftirlit með framkvæmd hennar; hún stuðlar að vexti og viðgangi skólans; hefur yfirumsjón með rekstrinum; samþykkir ársreikninga, rekstrar- og fjárhagsáætlanir; ræður skólameistara og setur honum starfsreglur. Skólameistari fer með daglegan rekstur og ráðningu starfsfólks. Á grundvelli tillagna hans ákvarðar stjórnin starfsháttu og skipulag, skólagjöld og ráðstöfun fjármuna og eigna. Stjórnin fer í reynd með hlutverk skólanefndar og heldur tvo skólanefndarfundi á hverju skólaári, einn á hvorri önn. Þar eiga sæti fulltrúar kennara, nemenda og skólameistarar auk stjórnarinnar sjálfrar. Að öðru leyti sitja þessir aðilar ekki stjórnarfundi.

Við stofnun Tækniskólans var ákveðið að skólameistarar skyldu vera tveir. Annar ber meginábyrgð á fjárreiðum og rekstri en hinn faglegum þáttum skólans sem menntastofnunar. Við hlið skólameistara starfa námstjóri, áfangastjóri og rekstrar- og fjármálastjóri, allir í fullu starfi. Námstjóri hefur faglega umsjón með kennsluþróun, námsráðgjöf, forvörnum og samskiptum við nemendafélög skólans. Áfangastjóri hefur faglega umsjón með rekstri áfangakerfisins. Rekstrar- og fjármálastjóri hefur faglega umsjón með skrifstofu, starfsmannahaldi og fjármálum. Auk þessara þriggja er gæðastjóri í hálfu starfi og áfangastjóri er með aðstoðarmann í fullu starfi. Saman mynda skólameistarar, námstjóri, áfangastjóri og rekstrar- og fjármálastjóri raunverulega yfirstjórn Tækniskólans sem nefnist rekstrarráð.

Yfir hverjum undirskóla Tækniskólans er skólastjóri í fullu starfi. Sumir þeirra hafa verkefnisstjóra sér við hlið til tiltekins tíma. Stjórnskipan hvers undirskóla er þunnskipuð og mikil ábyrgð lögð á herðar skólastjóra. Skólastjóraráð er skipað öllum skólastjórum auk skólameistara og námstjóra. Það fundar vikulega á eftir fundum rekstrarráðs. Við hlið hvers skólastjóra starfa eitt eða fleiri fagráð (allt að fjögur til sex í skóla), skipuð fulltrúum úr atvinnulífinu. Fagráðin eru misjafnlega fjölmenn og misjafnlega virk. Þeim er ætlað að efla hugmyndaflæði til og frá skólanum, gera hann sem virkastan þátttakanda í umhverfi sínu. Fagráðin hafa að öðru leyti ekki fastan sess í innri stjórnskipan skólans.

Skólastjórar, kennarar og starfsfólk í stoðþjónustu upplifa ákveðna fjarlægð á milli sín og rekstrarráðs. Skólastjórar eiga ekki fulltrúa í því; kennarar, annað starfsfólk og nemendur eiga hvorki áheyrnarfulltrúa þar né á öðrum stjórnendafundum og hafa þess vegna ekki tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri milliliðalaust. Það er ótvíræð brotalöm í stjórnskipan skólans.

Almennt virðist sameining Fjöltækniskólans og Iðnskólans í Reykjavík hafa tekist vel. Þrátt fyrir ýmsa óhjákvæmilega annmarka upplifir starfsfólkið sig sem hluta af sterkri heild. Tekist hefur að koma fjármálum Tækniskólans í gott horf með miklu aðhaldi í rekstri, sársaukafullum uppsögnum starfsmanna og fjölbættri endurskipulagningu sem um margt hefur frekar farið fram á rekstrarlegum forsendum en með venjubundnum aðferðum opinberra skóla. Störfum á stoðsviðum var til dæmis fækkað um rúmlega 25% (þrettán stöðugildi) sem kemur niður á þjónustu við nemendur og kennara. Fyrsta heila árið sem Tækniskólinn starfaði var tap á rekstri sem nam 3,5% af heildartekjum. Sparnaður hefur skilað þeim árangri að árið 2011 var hagnaður 34,1 milljón króna eða 1,58% heildarteknanna það ár.

Aðsókn að Tækniskólanum er góð. Umsóknir um nám á haustönn 2011 voru 1718, þar af fengu 1193 inngöngu. Um nám á vorönn 2012 sóttu 831, þar af fengu 698 inngöngu. Nemendafjöldi hefur dregist saman um rúm 11% síðustu ár. Nemendaígildi við gerð þjónustusamnings 2008 voru 1805 en í kjölfar hrunsins var þeim fækkað og fóru lægst í 1752 árið 2011. Heildarfækkun nemenda 2009–2011 er um 8% í dagskóla en tæp 22% í dreifnámi.

Almanaksárið 2011 stunduðu að meðaltali 1898 nemendur nám á 45 námsbrautum í dagskóla. Fjölmennust var tölvubraut með 229,5 nemendur að meðaltali; í véltækni voru 184 nemendur; á almennum námsbrautum einstakra skóla var samtals 181 nemandi og 106,5 námu fatatækni. Aðrar námsbrautir voru með færri en hundrað nemendur.

Konum hefur heldur fækkað meðal nemenda. Þær voru um 37% á haustönn 2008 en 33% haustið 2011. Ástæður ójafnrar skiptingar má rekja til þess að nokkrar námsbrautir eru að mestu sóttar af öðru kyninu. Fjölmennustu kvennagreinarnar eru fatatækni og hársnyrtið. Mest sóttu karlagreinarnar eru húsasmíði, rafiðnir, skipstjórn, tölvufræði og vélstjórn.

Fámennar námsbrautir voru áður kenndar við Iðnskólann og yfirtók Tækniskólinn það hlutverk. Dæmi um slíkar greinar eru prentun, skósmíði, gullsmíði, bókband og steinsmíði.

Tækniskólinn hét við stofnun að þróa nýjar námsleiðir, m.a. að fjölga leiðum til stúdentsprófs og auka viðbótarnám til háskólaeininga. Til þess hafa námskrár einstakra skóla verið endursamdar í samræmi við framhaldsskólalögin 2008 og tilraunakenndar eru námskrár sem fela í sér endurhugsun og uppstokkun. Möguleikar eru af öllum brautum skólans til þess að taka stúdentspróf og síðustu tvö ár hafa bæst við leiðir í náttúrufræði með kjörsvið í flugtækni, véltækni, raftækni og skipstækni. Þegar ný námskrá almennra greina og stúdentsleiða fær samþykki ráðuneytisins mun stúdentsleiðum enn fjölga og þá opnast möguleikar á margvíslegum samsetningum stúdentsprófa sem byggja á verklegum grunni.

Við stofnun Tækniskólans hafði Fjöltækniskólinn þegar tekið upp ISO9000 fyrir Stýrimannaskólann og Vélskólann skv. alþjóðlegum kröfum og fengið gæðakerfið vottað. Skólinn hefur stefnt að ISO vottun fyrir alla aðra undirskóla og rekur gæðakerfi sem tekur til reksturs, þjónustu og kennsluferlisins. Af heildarvottun hefur ekki orðið enn. Umsjón með gæðakerfinu og þróun þess er í höndum gæðastjóra sem heyrir beint undir skólameistara en við hlið hans starfar gæðaráð sem fundar vikulega. Auk gæðastjóra sitja skólameistari, tveir skólastjórar og námstjóri í ráðinu. Í Rekstrarhandbók Tækniskólans eru skilgreind margvísleg gæðamarkmið sem fléttast beint inn í rekstrar- og viðskiptamarkmið hans, enda er lítið á gæðastjórnun sem lið í daglegum rekstri. Tilgangur innra mats í skólanum er að ná fram stöðugum umbótum. Haft er til viðmiðunar að ferlið við framkvæmd þess tryggi að skipulegar, kerfisbundnar og skjalfestar aðferðir séu notaðar.

Gæðastaðallinn er í grunninn fremur hugsaður út frá hefðbundnum rekstrarsjónarmiðum fyrirtækis en menntaviðmiðum aðalnámskrár. Gæðastjóra er ætlað að gera áætlanir um innra mat til eins árs í senn og leggja þær fyrir gæðaráð til samþykktar. Skólameistara er ætlað að fylgja ferlinu eftir og hann ber ábyrgð á því. Á hverri önn er gert rafrænt kennslumat sem lengi hefur lítið breyst svo niðurstöður séu samanburðarhæfar. Heildarniðurstöður eru birtar á heimasíðu skólans auk þess sem kennarar sjá niðurstöður um umsjónarnámskeið sín. Skólastjórar fá niðurstöður í námskeiðum sinna skóla og ræða útkomuna við kennara eftir atvikum. Spurningar í kennslumati eru fremur einhæfar því þær lúta eingöngu að frammistöðu kennarans, ánægju með námsefnið og líðan í kennslustundum. Ekkert er spurt út í eigið vinnuframlag nemans né neitt annað um frammistöðu hans sjálfs. Annað reglubundið mat er rýni stjórnenda á virkni gæðastjórnunarkerfisins til að tryggja að það henti, sé virkt og skili árangri. Aðrar kannanir sem telja má til innra mats eru viðhorfakönnun meðal starfsmanna í maí 2009 og önnur með sömu eða að miklu leyti sams konar spurningum í maí 2012. Niðurstöður beggja hafa verið kynntar starfsmönnum en eru ekki aðgengilegar á vef skólans. Þá er fyrirliggjandi skýrsla um innra mat fyrir skólaárið 2010–2011.

## 6.1 Styrkleikar og veikleikar

### Styrkleikar:

- Gildi og stefna Tækniskólans eru sett fram með skýrum hætti.
- Tækniskólinn heldur uppi kennslu á fámennum námsbrautum í samræmi við gildandi þjónustusamning, s.s. í prentun, skósmíði, gullsmíði, bókbandi og steinsmíði.
- Nokkuð hefur áunnist í að þróa nýjar námsleiðir og fjölga námskostum nemenda. Möguleikar eru á margvíslegum samsetningum stúdentsprófa sem byggja á verklegum grunni.
- Unnið er að tilraunakennslu nokkurra nýrra námskráa sem fela í sér mikla endurhugsun og uppstokkun.
- Verulegur árangur hefur náðst í því markmiði skólans að afföll skráðra eininga fari undir 15% og að hlutfall staðinna eininga verði yfir 75%.
- Tækniskólinn státar af raunhæfum námsúrræðum fyrir nemendur með sértæka námsörðugleika og er þegar komin nokkur reynsla á þau.
- Stærstur hluti kennaraliðs Tækniskólans er með góða menntun til starfsins.
- Hlutverk stjórnar skólans og einstakra stjórnenda eru vel skilgreind í Rekstrarhandbók.
- Stjórn skólans er virkur samráðsaðili við skólameistara og fullt traust virðist ríkja á milli aðila.
- Aðkoma atvinnulífsins að starfsemi skólans er umtalsverð í gegnum stjórn og fagråd sem skipuð eru í hverjum skóla fyrir hinar ýmsu starfsgreinar.
- Sameining Fjöltækniskóla Íslands og Iðnskólans í Reykjavík árið 2008 virðist í öllum megindráttum hafa gengið vel.
- Almenn sátt er meðal nemenda og starfsmanna með núverandi rekstrarform og aðkomu atvinnulífsins að stjórn og rekstri Tækniskólans.
- Miklum hallarekstri hefur verið snúið í jákvæða rekstrarafkomu á skömmum tíma.
- Skólinn nýtur allmikilla framlaga frá eigendum sínum í formi búnaðar og beinna fjárstyrkja.
- Kennslumat er gert á hverri önn, það er þröngt að efni til en rúmast innan fyrirmæla aðalnámskrár.
- Verkferlar við innra mat eru skýrir og ábyrgð fyrir skipulagi og framkvæmd skilgreindir í Rekstrarhandbók.
- Að gerðu innra mati er gripið til viðbragða ef þess er talin þörf af yfirstjórnendum.
- Svo langt sem aðgerða- og umbótaáætlanir ná er skýrt innan skólans hver er ábyrgur fyrir eftirfylgni.

### Veikleikar:

- Nokkur óvissa er um stjórnskipunarlega stöðu Margmiðlunarskólans innan Tækniskólans.
- Nemendafjöldi í Tækniskólanum hefur dregist saman um rúm 11% síðustu ár.
- Konum hefur heldur fækkað meðal nemenda..
- Engin raunveruleg lækkun hefur orðið á meðalaldri brautskráðra nemenda Tækniskólans árin 2008–2012 þrátt fyrir markmið þar um.
- Skipurit Tækniskólans er nokkuð skýrt en tekur hvorki til allra skilgreindra stjórnenda né heldur er unnt að sjá raunverulega stöðu stoðþjónustunnar innan stjórnkerfis skólans.
- Fjárhagslegt hlutverk skólastjóra er óskýrt og aðkoma þeirra að æðstu ákvarðanatöku er lítil.
- Aðkoma nemenda að stefnumótun og ákvarðanatöku innan Tækniskólans og undirskóla hans er mjög takmörkuð.

- Mikil fækkun stöðugilda, einkum í stoðþjónustu, hefur komið niður á þjónustu við nemendur.
- Tækniskólinn hefur ekki hlotið vottun á gæðakerfi sitt fyrir heildarstarfsemi skólans.
- Gæðastaðallinn er í grunninn fremur hugsaður út frá hefðbundnum rekstrarsjónarmiðum fyrirtækis en menntaviðmiðum.
- Áætlun um framkvæmd innra mats er ekki aðgengileg í Rekstrarhandbók skólans.
- Mat tekur einkum til formlegra þátta innan stofnunarinnar en síður til viðhorfagreiningar, hvort heldur er meðal nemenda eða starfsmanna.
- Matsáætlun til lengri tíma er ekki sýnileg á heimasíðu skólans og sú áætlun sem úttektaraðilar hafa séð fyrir árið 2011 skilgreinir aðeins viðfang en ekki markmið.
- Kennarar eru lítt virkir í innra mati.
- Reglubundið mat tekur aðeins til takmarkaðra þátta í starfsemi skólans.
- Heildstæðar aðgerða-/umbótaáætlanir eru ekki gerðar í ljósi innra mats.
- Nemendur eiga engan hlut að því um hvað er spurt í viðhorfakönnunum og kennslumati og sjá ekki heldur niðurstöður eigin viðhorfamats.
- Foreldrar og aðrir utanaðkomandi fá hvorki niðurstöður kennslumats né viðhorfakannana meðal nemenda sem kennara.

## 6.2 Aðgerðir

- Skerpt verði á stjórnskipunarlegri stöðu Margmiðlunarskólans innan Tækniskólans.
- Stjórnskipan Tækniskólans verði endurskoðuð með það að markmiði að þetta tengsl milli yfirstjórnar og starfsmanna og auðvelda þeim að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við stefnumótun og ákvarðanatöku. Á skipuriti þarf að koma fram sundurgreining stoðþjónustu og staða hennar innan skólans.
- Fulltrúum nemenda, kosnum af Nemendasambandi Tækniskólans, verði tryggður réttur til setu á fundum rekstrarráðs og gæðaráðs með málfrelsi og tillögurétti.
- Skilgreina þarf nánar fjárhagslegt sjálfstæði hvernar einingar skólans og fjárhagslega ábyrgð stjórnanda. Þess sé jafnframt gætt að starfsmenn hvernar einingar séu reglulega upplýstir af hálfu stjórnanda um rekstrarstöðu hennar.
- Gerð verði áætlun um eflingu stoðþjónustu eftir nokkurt svelt vegna niðurskurðar. Einkum verði horft til þess að efla kennslufræðilega ráðgjöf við kennara og námsráðgjöf.
- Stuðlað verði að því að hver undirskóli vinni að sjálfstæðu innra mati og umbótaáætlun í ljósi markmiða aðalnámskrár og eigin skólanámskrár. Matið verði um leið hluti af heildstæðu sjálfsmati Tækniskólans. Slíkt mat mun auka faglegt starf og metnað innan skólans.
- Niðurstöður innra mats skólans verði gerðar aðgengilegar innan skóla og utan.
- Heildstæðar aðgerða- og umbótaáætlanir verði gerðar í ljósi niðurstaðna úr innra mati.
- Mótuð verði starfsþróunarstefna Tækniskólans í ljósi umbótaáætlunar samfara innra mati.

## 7 Heimildir

Hér eru að öðru jöfnu aðeins taldar þær heimildir sem vitnað er beint til í meginmáli. Auk þeirra eru ýmis lög og reglugerðir, tölvupóstar og fleira ótilgreint.

*Aðalnámskrá framhaldsskóla: almennur hluti.* (2004). Reykjavík: menntamálaráðuneytið.

*Aðalnámskrá framhaldsskóla: almennur hluti.* (2011). Reykjavík: mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Ábyrgð og valdskipting. (2011). *Rekstrarhandbók 01: stjórnskipulag og stefna*: STS-006. Reykjavík: Tækniskólinn. Vefslóð: <http://handbok.tskoli.is/>. Skjalið er dagsett 27. september.

*Ársreikningur 2011.* (2012). Reykjavík: Tækniskólinn.

*Ársskýrsla 2009.* (2010). Reykjavík: Tækniskólinn.

*Ársskýrsla 2010.* (2011). Reykjavík: Tækniskólinn.

*Ársskýrsla 2011.* (2012). Reykjavík: Tækniskólinn.

Baldur Gíslason. (2012). Bréf til úttektaraðila, dagsett 23. maí.

Baldur Gíslason. (2012). Bréf til úttektaraðila, dagsett 24. maí.

Björg Jónsdóttir. (2012). Gögn til úttektaraðila 9. maí.

Framkvæmdastjóri – skólameistari. (2005). *Rekstrarhandbók 02: starfslýsingar*: STL-001. Reykjavík: Tækniskólinn. Vefslóð: <http://handbok.tskoli.is/>. Skjalið er dagsett 9. mars.

*Gildi Tækniskólans.* [Án árs]. Reykjavík: Tækniskólinn.

Vefslóð: <http://www.tskoli.is/media/skjol/Gildi-Taeknisokolans.pdf>.

Guðmundur Páll Ásgeirsson. (2012). Bréf til úttektaraðila, dagsett 22. maí.

Gæðamarkmið. (2012). *Rekstrarhandbók 01: stjórnskipulag og stefna*: STS-007.

Reykjavík: Tækniskólinn. Vefslóð: <http://handbok.tskoli.is/>. Skjalið er dagsett 30. apríl.

*Gæðamál.* (2012). Reykjavík: Tækniskólinn.

Vefslóð: <http://www.tskoli.is/taeknisokolinn/gaedamal/>.

Gæðaráð. (2011). *Rekstrarhandbók 01: stjórnskipulag og stefna*: STS-008. Reykjavík:

Tækniskólinn. Vefslóð: <http://handbok.tskoli.is/>. Skjalið er dagsett 22. september.

Gögn frá skólameistara í úttektarheimsókn.

Hlutar gæðakerfis. (2010). *Rekstrarhandbók 01: stjórnskipulag og stefna*: STS-010.

Reykjavík: Tækniskólinn. Vefslóð: <http://handbok.tskoli.is/>.

Innri úttektir. (2010). *Rekstrarhandbók 05: verklagsreglur*: VKL-403. Reykjavík:

Tækniskólinn. Vefslóð: <http://handbok.tskoli.is/>. Skjalið er dagsett 10. nóvember.

Jón B. Stefánsson. (2012). Bréf til úttektaraðila, dagsett 3. maí.

Jón B. Stefánsson. (2012). Bréf til úttektaraðila, dagsett 4. maí.

Jón B. Stefánsson. (2012). Bréf til úttektaraðila, dagsett 1. júní.

Jón B. Stefánsson. (2012). Bréf til úttektaraðila, dagsett 12. júní.

Kennslumat. (2010). *Rekstrarhandbók 05: verklagsreglur*: VKL-402. Reykjavík:

Tækniskólinn. Vefslóð: <http://handbok.tskoli.is/>. Skjalið er dagsett 20. nóvember.

*Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008 með áorðnum breytingum.*

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2012). *Skipunarbréf úttektaraðila*, dagsett 3. febrúar.

*Námsvísir 2011–2012.* [2011]. 4. útgáfa. Reykjavík: Tækniskólinn.

*Rýni stjórnenda V-2011.* (2011). Reykjavík: Tækniskólinn.

Rýni stjórnenda. (2010). *Rekstrarhandbók 05: verklagsreglur*: VKL-401. Reykjavík:

Tækniskólinn. Vefslóð: <http://handbok.tskoli.is/>. Skjalið er dagsett 31. október.

*Reglugerð um skólaráð við framhaldsskóla nr. 140/1997.*

- Saga Tækniskólans – skóla atvinnulífsins*. [Án árs]. Reykjavík: Tækniskólinn.  
 Vefslóð: <http://www.tskoli.is/taekniskolinn/sagan/>.
- Samþykktir Tækniskólans ehf. (2011). *Rekstrarhandbók 01: stjórnskipulag og stefna: STS-014*. Reykjavík: Tækniskólinn. Vefslóð: <http://handbok.tskoli.is/>. Skjalið er dagsett 20. nóvember.
- Skipurit*. (2012). Reykjavík: Tækniskólinn.  
 Vefslóð: <http://www.tskoli.is/taekniskolinn/stjornendur/skipurit/>.
- Skólasamningur 2010–2012*. (2010). Reykjavík: Tækniskólinn.
- Skýrsla Tækniskólans: fylgiskjal skólasamnings 2012*. (2012). Reykjavík: Tækniskólinn.
- Skýrsla um innra mat Tækniskólans, skóla atvinnulífsins skólaárið 2010–2011*. [2011].  
 Reykjavík: Tækniskólinn.
- Starfslýsingar. (2008–2012). *Rekstrarhandbók 02: starfslýsingar: STL-022 til STL-031*.  
 Reykjavík: Tækniskólinn. Vefslóð: <http://handbok.tskoli.is/>.
- Upplýsingar frá Hagstofu Íslands.
- Yfirlýsing menntamálaráðuneytis og Menntafélagsins ehf. um eflingu iðn- og starfsnáms vegna samnings um kennslu á framhaldsskólastigi*. (2008). Reykjavík: menntamálaráðuneyti og Menntafélagið ehf.
- Þjónustusamningur um rekstur framhaldsskóla*. (2008). Reykjavík: menntamálaráðuneyti og Menntafélagið ehf.

**Viðtöl (hljóðrituð) við viðmælendur í Tækniskólanum – skóla atvinnulífsins:**

- Áfangastjóri
- Gæðaráð/framkvæmdaráð
- Náms- og starfsráðgjafar (þrír)
- Námstjóri
- Rekstrar- og fjármálastjóri
- Rýnihópar kennara (tveir hópar, samtals nítján einstaklingar)
- Rýnihópar nemenda (fjórir hópar, samtals nítján einstaklingar)
- Skólameistarar (tveir)
- Skólastjórar einstakra skóla (fimm hópar, samtals ellefu einstaklingar)
- Stjórnarformaður ásamt tveimur stjórnarmönnum



## **8 Fylgiskjal**

Skólameistarar  
Tækniskólans – skóla atvinnulífsins  
Skólavörðuholti  
101 Reykjavík

Akureyri 30. mars 2012

### Efni: Úttekt á starfsemi Tækniskólans – skóla atvinnulífsins

Eins og fram kemur í bréfi menntamálaráðuneytisins dags. 26. janúar 2012 hefur okkur undirrituðum verið falið að annast úttekt á Tækniskólanum – skóla atvinnulífsins. Markmiðið er að leggja mat á framkvæmd þjónustusamnings frá 2008 og skólasamnings frá 2010. Jafnframt að leggja mat á hvort skólinn hefur uppfyllt þau markmið sem fram koma í yfirlýsingu mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Menntafélagsins ehf. frá 2008 um eflingu iðn- og starfsnáms. Úttektin skal byggð á fyrirliggjandi gögnum, viðtölum við einstaklinga og hópa, auk vettvangsathugana. Athugið að úttektin tekur til allra undirskóla Tækniskólans annarra en Flugskóla Íslands.

Við óskum eftir góðu samstarfi við forystumenn skólans og starfsfólk og förum þess á leit að tekin verði saman eftirtalin gögn eftir því sem þau er að finna í fórum skólans og send til undirritaðra fyrir 12. apríl nk.:

*Ársskýrsla 2011.*

*Sjálfsmatsskýrsla 2011.*

*Upplýsingar um nemendur:*

*Aðsókn og innritun nemenda haust 2011 og vor 2012.*

*Fjöldi nemenda að hausti frá 2008–2012 m.t.t. námsbrauta og skóla.*

*Fjöldi innritaðra nemenda 15. september 2011 og 15. janúar 2012, skipt eftir árgöngum og kynjum.*

*Skipting nemenda á námsbrautir 2008–2012 greint eftir kynjum, og kennsluformi (dagskóli, kvöldskóli, fjarnám, dreifnám).*

*Fjöldi og aldur brautskráðra nemenda 2011 eftir námsbrautum*

*Meðal námstími nemenda á hverri braut við brautskráningu.*

*Brottfall nemenda og þróun á árabílinu 2008–2012.*

*Upplýsingar um starfsfólk:*

*Stjórnendur, starfshlutfall og kennsluskýlda, kynjaskipting.*

*Fjöldi kennara í föstum stöðum og starfshlutfall skipt eftir kynjum.*

*Fjöldi leiðbeinenda og starfshlutfall (hálf starf eða meira), skipt eftir kynjum.*

*Fjöldi stundakennara, kennslutímar pr. viku, skipt eftir kynjum.*

*Fjöldi annars starfsfólks í föstum stöðum og starfsheiti, skipt eftir kynjum.*

*Fjöldi undirverktaka vegna reksturs skólans og viðfangsefni.*

*Menntun kennara:*

*Fjöldi kennara með BA/BS-próf auk kennsluréttinda.*

*Fjöldi kennara með MA/MS/M.Ed. próf auk kennsluréttinda.*

*Fjöldi kennara með doktorspróf auk kennsluréttinda.*

*Fjöldi kennara með háskólapróf án kennsluréttinda.*

*Fjöldi kennara með aðra menntun.*

*Eru kennarar skólans menntaðir í þeim greinum sem þeir kenna?*

*Endurmenntunarstefna. Hvernig er endurmenntun kennara háttáð?*

*Hafa orðið til nýjar námsbrautir eftir 2007, hverjar?*

*Hafa möguleikar til stúdentsprófs aukist síðan 2007, hvernig?*

*Hafa möguleikar til viðbótarnáms til háskólaeininga aukist síðan 2007, hvernig?*

Til frekari gagnaöflunar óskum við eftir því að fá að koma í heimsókn í skólann mánudag til miðvikudags 16.–18. apríl. Ef einhverjir meinbugir eru á því að taka á mót okkur þá daga biðjum við þig að láta okkur vita sem allra fyrst. Í heimsókninni vildum við eiga viðtöl við eftirtalda aðila eins og hér segir:

### Mánudagur 16. apríl

Tími	Viðmælendur
8:15–10:00	Skólameistari/skólar – Baldur Gíslason
10:30–11:45	Skólastjórar: Bjargey G. Gísladóttir: Upplýsingatækniskólinn Kolbrún Kolbeinsdóttir: Tæknimenntaskólinn Ari Knörr: Margmiðlunarskólinn
12:30–13:15	Rýnihópur nemenda úr Upplýsingatækni-, Tæknimennta- og Margmiðlunarskólanum
13:30–14:45	Skólastjórar: Guðmundur Hreinsson: Byggingatækniskólinn Valdemar G. Valdemarsson: Raftækniskólinn Áslaug Maack Pétursdóttir: Endurmenntunarskólinn og Meistaraskólinn
15:00–15:45	Rýnihópur nemenda úr Byggingatækni-, Raftækni-, Endurmenntunar- og Meistaraskólanum
16:00–17:00	Rýnihópur kennara úr framangreindum skólum nema Margmiðlunarskólanum

### Þriðjudagur 17. apríl

Tími	Viðmælendur
8:15–10:00	Gæðaráð/Framkvæmdaráð
10:30–11:30	Skólastjórar: Ragnheiður Bjarnadóttir: Hársnyrtiskólinn Sigríður Ágústsdóttir: Hönnunar- og handverksskólinn
12:30–13:00	Rýnihópur nemenda úr Hársnyrti-, Hönnunar- og handverksskólanum og Fjölmenningskólanum
13:30–14:30	Skólastjóri: Fjölur Ásbjörnsson: Fjölmenningskólinn Náms- og starfsráðgjafar: Anna Ósk Ómarsdóttir og Davíð Sch. Óskarsson
15:00–16:00	Stjórnarformaður og þrjú stjórnarmenn sem jafnframt eru fulltrúar eigenda: Bolli Árnason, Friðrik Jón Arngrímsson, Aðalheiður Héðinsdóttir, Eiríkur Bogason

### Miðvikudagur 18. apríl

Tími	Viðmælendur
8:15–10:00	Skólameistari/rekstur: Jón B. Stefánsson Rekstrar- og fjármálastjóri: Björg Jónsdóttir
10:30–11:30	Skólastjórar: Vilbergur Magni Óskarsson: Skipstjórnarskólinn Egill Guðmundsson: Véltnækniskólinn
12:30–13:00	Rýnihópur nemenda úr Skipstjórnar- og Véltnækniskólanum
13:15–14:15	Rýnihópur kennara úr þeim fimm skólum sem eftir eru
14:30–15:30	Áfangastjóri: Halldór Hauksson Námstjóri: Guðmundur Páll Ásgeirsson

Óskað verður eftir því við trúnaðarmann kennara að leita eftir kennurum til þátttöku í rýnihópum sem greint er frá í töflum og gera þeim viðvart um tímasetningu viðtala. Á sama

hátt verður leitað eftir því við stjórnir nemendafélaga einstakra skóla að fá nemendur til þátttöku í rýnihópum og gera þeim viðvart um tímasetningu.

Þess er hér með farið á leit að skólameistarar leiti eftir því við aðra viðmælendur að taka þátt í samræmi við framangreinda töflu. Tekið skal fram að ef hagfelldara er fyrir skólann að hafa aðra uppröðun á viðtölunum er ekkert því til fyrirstöðu að breyta uppröðun þeirra. Ef slíkar breytingar eru gerðar óskum við eftir að fá upplýsingar þar um.

Með bestu kveðju.

